

Efnisyfirlit:

Útgáfa

Formáli eftir Grétar Fells

Formáli fyrir 2. útgáfu eftir Grétar Fells

Ekki verður feigum forðað

Utan við líkamann

Draumurinn um Jesúm Krist

Draumurinn um rótina og grasið

Draumurinn um Jón Bjarna Matthíasson

Draumurinn um tjöldin tvö

Draumurinn um Svanbjörgu Baldvinsdóttur

Draumurinn um þroskastigin

Bréfið frá öðrum heimi

Dreymt fyrir bruna í Keflavík

Huldulæknar

Hvernig er að deyja? - I

Hvernig er að deyja? - II

Sóttvarnir

Haust um vor

Útþrá. Vorþrá. Vökudraumar

Á hljótleik

Golan þýtur

Ágúst Böðvarsson: Kvæði um systur

Guðrún Lárusdóttir: Vinarkveðja um Dúnu

Elínborg Lárusdóttir: Um bókina “Dul og draumar”

Aðalbjörg Sigurðardóttir: Um bókina “Dul og draumar”

Jakob Jóhannesson Smári: Um bókina “Dul og draumar”

Vilhjálmur frá Skáholti: Guðrún Böðvarsdóttir – In Memoriam

Golgata

Guðrún Böðvarsdóttir:
Dul og draumar
2. útgáfa 1944
Útgefandi:
Ragnhildur Teitsdóttir

Útgefandi rafbókar:
Ljósgeislar ehf
1. útgáfa 2011
Vefsíða: ljósgeislar.is
ISBN: 978-9979-9972-0-7
Rafbókin er ókeypis.

Á eftir kaflanum “Efnisyfirlit” eru birtar nokkrar minningagreinar og fleiri greinar sem ekki voru í prentuðu bókinni og bætt hefur verið við í þessari útgáfu.



Guðrún Böðvarsdóttir

DUL
OG
DRAUMAR

EFTIR
GUÐRÚNU
BÖÐVARSDÓTTUR

DUL OG DRAUMAR

EFTIR

GUÐRÚNU BÖÐVARSDÓTTUR

ÖNNUR ÚTGÁFA AUKIN

REYKJAVÍK. — RAGNHILDUR TEITSDÓTTIR

Formáli.

Höfundur þessarar bókar, Guðrún Böðvarsdóttir, var merkileg og sjaldgæf sál. Öllum, sem einhver kynni höfðu af henni, ber saman um það.

Hún var gædd mikilli draumgáfu og sálarlegu næmi yfirleitt, svo að segja mátti með miklum rétti, að hún lifði vitandi vits í tveimur heimum samtímis, hinum sýnilega jarðneska heimi og öðrum, sem venjulegum mönnum er ósýnilegur.

En frá mínu sjónarmiði er þó ekki minna um það vert, hve skapgerð hennar var traust og heilsteypt. Í 17 ára baráttu við hinn “hvíta dauða” var hún jafnan hinn æðrulausi hermaður, sem féll að lokum fyrir ofureflinu – ósigraður. – Því að hinum miklu sjúkdómserfiðleikum tókst ekki að lama hugrekki hennar eða gera hana að neinu leyti bölsýna eða beysklynda.

Hún óx meira að segja andlega eftir því, sem henni var þrengri stakkur skorinn í tímanlegum efnunum.

Æfinlega var hún glöð og kát, og kunnugt er mér um það, að mönnum og konum, sem voru henni eldri að áratali og flestir hefðu að óreyndu ætlað nokkurn veginn fullveðja í andlegum efnunum, þótti gott að sækja fund hennar og fóru frá henni einhverju bætt, – með meiri skilning, meira þor og þrek, meiri góðleika en þau komu. – Hún var eins konar sálusorgari, þótt ung væri.

Eitt af því, sem merkilegt var við þessa ungu stúlku, var það, hve ríku hljómlistareðli hún var gædd. Hún samdi nokkur tónlög, þar á meðal eitt við sálm eftir Davíð Stefánsson (“Á Föstudaginn langa”). Er það undurfagurt lag og stundum sungið í kirkjum landsins.

Guðrún Böðvarsdóttir var fædd 9. júlí 1902, dóttir séra Böðvars Bjarnasonar, er lengi var prestur á Rafnseyri, og konu hans Ragnhildar Teitsdóttur. Hún andaðist 12. ágúst 1936, og var harmdauði öllum, er þekktu hana.

Nú kemur þessi elskulega unga stúlka fram fyrir lesendur þessarar litlu bókar, 7 árum eftir líkamsdauða sinn. Hún sveipar ekki um sig neinum líkklæðum, heldur kemur hún fram á sjónarsviðið í skartklæðum ódauðleikatrúar og eilífðarvona.

Hún segir oss frá draumum sínum og dulsýnum á eðlilegu, látlausu máli, og hef ég kosið að láta málfar hennar halda sem mestu af persónueinkennum hennar, og því ekki breytt öðru en því, er óhjákvæmilegt varð að teljast.

Að öðru leyti skal ég ekki dæma um innihald þessarar bókar. Margt af því virðist allmerkilegum rökum stutt, auk þess sem sumt af því hefur táknrænt gildi, og ef það er einhvers konar skáldskapur, er það að minnsta kosti fagur skáldskapur.

Það uxu blóm í sporum þessarar ungu stúlku, meðan hún dvaldi hér á jörðinni, og ég held að hlutverk þessarar litlu bókar sé ekki sízt það, að reka erindi vorsins við þá fyrst og fremst, sem eiga við eitthvert andlegt vetrarríki að búa, og væri vel, ef það mætti takast sem bezt.

Bókin veitir innsýn í fagra og mjög lifandi sál, sál, sem erfitt er að sætta sig við að hafi allt í einu hætt að vera til, sál, sem lætur oss ósjálfrátt renna grun í einhverja dularfulla fjarvídd á bak við sig, en það er einkenni allra góðra og frjórna sálna.

Grétar Fells.

Formáli fyrir annarri útgáfu.

Um leið og þessi bók Guðrúnar Böðvarsdóttur kemur út í annarri útgáfu, hefur orðið að ráði að bæta við nokkrum hugleiðingum, sem hún lét eftir sig í handriti. Þetta eintal sálar hennar, sem sums staðar nálgast það mjög að vera ljóð í óbundu máli, lýsir vel hugsunum hennar og hugarfari, og er skemmtilegur þekkingarauki á höfundi þessarar bókar.

Guðrún Böðvarsdóttir hefur kallað þessar hugleiðingar sínar “Regndropa”. Mér finnst það táknrænt fyrir allt hennar líf.

Hún var óneitanlega að sumu leyti mótlætisins barn, en hún kunni að fara svo með mótlætið, að það varð henni að frjófgandi döggi – að regndropum, sem óvenjulega góður jarðvegur tók á móti, – saug inn í sinn eiginn vaxtardraum.

Þegar himinn og jörð minnst á þann hátt, geta orðið til blóm, fögur og ilmandi.

Grétar Fells.

Ekki verður feigum forðað.

Árið 1925 var ég á Vífilstöðum. Samtíða mér þar var stúlka, er Guðmunda hét, Ólafsdóttir, frá Vestmannaeyjum, og bjó hún í næstu stofu við mig.

Hún hafði dvalið á hælínu í nokkra mánuði og batnaði svo fljótt og vel, að læknar töldu það undrum sæta og sögðu, að væri hún gullsaltasjúklingur (þá var verið að sprauta suma sjúklingana með nýju meðali, svokölluðu “gullsalti”, en það reyndist misjafnlega, því að fæstir þöldu það) mundu þeir skrifa um hinn skjóta og góða bata hennar í blöðin, sem dæmi þess hve meðalið gæfist vel. En nú var ekki því að heilsa, því að hún hafði ekkert gullsalt fengið.

Mér er sérstaklega minnisstætt eitt kvöld. Þá kom Guðmunda inn í stofu til mín og sambýliskonu minnar – frísk og blómstrandi, ímynd hreystinnar að okkur fannst – og sagði:

“Ég má fara heim í næsta mánuði, getið þið hugsað ykkur það – *heim*.” Hún var geislandi glöð og dansaði um gólfið af kæti. – Heim! – Þetta orð hljómaði svo yndislega í eyrum okkar allra, er dvöldu þarna í hælínu, en blandað söknuði og þrá, einkum hjá þeim, er lágu sem fastast og áttu sér ekki heimkomu von framar í þessu lífi.

Daginn eftir lá hún með hitavott. Ein vika leið, en ekki gat hún losnað við hitaslæðinginn. Svo var það einn dag, að ég kom inn til hennar, sem oftast, í heimsóknartímanum; þá sá ég að hún var óvenju döpur. Ég settist hjá henni og við fórum að tala saman. Hún sagðist vera óþolinmód, hefði alls ekki tíma til að liggja svona, – hún, sem átti bráðum að fá að fara heim.

Ég fór að reyna að hughreysta hana. Þetta mundi nú batna fljótt, svo að hún kæmist heim á réttum tíma. – Allt í einu glaðnaði yfir svipnum og hún sagði:

“Ó, Dúna mín, þú ættir nú að biðja fyrir mér, að mér batni, svo að ég losni héðan. Þú veizt ekki hve heitt ég þrái að komast heim, og ég er viss um, að það hefir áhrif, ef þú vilt biðja um það.”

Ég varð hrifin af því trausti, sem hún bar til mín, en fann um leið, hve ég var þess óverðug. Jú, ég hugsaði með mér, að ég skyldi vera góða barnið og gjöra það, fyrst hún bæri svo mikið traust til mín. Og okkur kom saman um að ég skyldi biðja fyrir henni á hverju kvöldi, áður en ég færi að sofa.

Nokkur kvöld liðu. Ég bað um batann, en Guðmunda var alltaf eins, hvorki verri né betri. Svo var það eitt kvöld, að ég var óvenju þreytt, háttáði, og sofnaði strax, gleymdi öllum bænum. Vaknaði þó eftir órólegan svefn, með slæma samvizku og hugsaði: “Já, svona er maður, gleymir því sem maður á að gjöra og nú hefi ég gleymt Guðmundu.”

Það var rökkur í herberginu. Ég gat þó aðeins séð á klukkuna á náttborðinu mínu, hún var 1. Allt var kyrrt og hljótt, ekkert heyrðist, nema rólegur andardráttur sambýliskonu minnar. Hún svaf. Ég snéri mér til veggjar og fór að hugsa um Guðmundu – að henni mætti nú batna, svo að hún kæmist heim.

Allt í einu sá ég, eða skynjaði á einhvern hátt – fannst þó helzt að ég sæi það með gagnaugunum, eða jafnvel enninu, því að ég var með lokuð augun og ábyggilega glaðvakandi – hvíta veru, sem leið frá dyrunum og inn að rúminu mínu. Og í sama veffangi heyrði ég hvíslað við eyra mér, fast og ákveðið, þessum orðum:

“Vertu ekki að biðja um þetta, því að hún Guðmunda *á að deyja*.” – Og sérstök áherzla var á þessum orðum: “*á að deyja*”. – Ég hugsaði með mér: Guðmunda – deyja. – Nei, það gat ekki verið; við færum víst báðar á undan henni, ég og sambýliskona mín. – Því að ekki höfðum við fengið eins góða dóma hjá læknum og hún.

En hvað var þetta, – hver hvíslaði? – Orðin hljómuðu enn í eyrum mínum: – “Vertu ekki að biðja um þetta, því að hún Guðmunda *á að deyja*.” Ég ætlaði að snúa mér við, en þá fann ég, að hönd var lögð á öxl mína. Ég titraði og svitnaði af hræðslu, snéri mér snöggt við, en sá ekkert, nema rökkrið, en fannst þó sem eitthvað væri uppi í gluggakistunni.

Ég vakti sambýliskonu mína og sagði henni frá þessu. Hún varð undrandi, en fannst það ótrúlegt, eins og mér. Ég bað hana að segja það engum, en muna það með mér. Svo skyldum við sjá hvað yrði.

Daginn eftir kom ég og stúlka með mér, inn til Guðmundu. Er ég sá hana liggja þarna svo frísklega útlits í rúminu sinu, fór ég að furða mig á því, sem mér hafði verið sagt um nóttina, fannst það svo ótrúlegt, að hún ætti að deyja.

Mér fannst augu hennar líta alvarleg og spyrjandi á mig, eins og þau vildu segja: “Dúna mín, gjörðir þú ekki það, sem ég bað þig um?” Eða var það ef til vill ímyndun ein, vegna þess, hve þetta var ríkt í huga mínum? Ég veit það ekki, en ég forðaðist að vera ein með henni, til þess að komast hjá óþægilegum spurningum. Því að ég fann, að ég gat ekki lengur beðið um bata fyrir hana.

Nokkrum dögum seinna lagðist ég í rúmið. Lá ég í 3 mánuði. Er ég hafði legið rúmlega viku, frétti ég að Guðmundu væri að versna, hún hefði hærri hita og henni héldi áfram að versna. Síðasta mánuðinn, sem ég lá, hafði hún alltaf 39 til 40 stiga hita daglega.

En alltaf var sama lífsþráin, – líflöngunin, heimvonin. – Hún gat ekki sætt sig við veikindin, *vildi ekki deyja*. Sambýliskona hennar kom oft inn til mín og hafði orð á því, hvað sér fyndist ástand Guðmundu aumkunarvert. Hún væri alltaf að tala um að komast heim, og þó færi henni auðsjáanlega dagversnandi.

Þegar er ég komst á fætur, heimsótti ég hana. Er ég lagði af stað inn til hennar, sagði sambýliskona mín: “Láttu þér ekki bregða, er þú sérð hana Guðmundu, því að hún er mikið breytt frá því að þú sást hana síðast.”

Það var líka sannleikur. Hún hafði breytt mikið, og nú sá ég dauðann í augum hennar. Undir eins og hún sá mig, sagði hún: “Dúna mín, lít ég nokkuð illa út núna? Það er mest að marka hvað þú segir, því að það er svo langt síðan að þú hefir séð mig.” Um leið og hún sagði þetta, strauk hún hendinni eftir votu enninu, tók spegilinn af náttborðinu og leit í hann.

“Guð minn góður,” hugsaði ég, “ennþá sama hugarástandið, sama þráin eftir lífinu, sem nú virtist vera að fjara út – renna úr greipum hennar eins og sandurinn.

Ég vissi ekki, hvað ég átti að segja. Ég mátti ekki særa hana, með því að segja henni eins og var. – “Þú ert nú dálítið sveitt núna,” varð mér að orði. “Já,” sagði hún og stundi við.

Um kvöldið gat ég ekki sofnað, – varð andvaka. Ég var alltaf að hugsa um Guðmundu, – um þessa óslökkvandi lífsþrá okkar mannanna, – um röddina, sem fyrir þrem mánuðum hafði hvíslað að mér, að Guðmunda ætti að deyja – ég ætti ekki að biðja um líf fyrir hana. – Ég leit á klukkuna á náttborðinu; hún var eitt, eins og þá – eitt um nótt.

Gluggarnir á stofunni minni voru opnir. Á Vífilsstöðum eru alltaf opnir gluggar og því afar hljóðbært í húsinu. En nú var allt kyrrt og hljótt.

Allt í einu barst hljóð til mín út úr kyrrðinni. Einhver hrópaði: “Mamma – pabbi.” Ég þekkti röddina. Það var rödd Guðmundu (hún lá í næstu stofu). Ég undraðist, að hún skyldi geta kallað svo hátt, – hún, sem gat ekki sagt nema hálf tón í einu fyrir mæði. – Ég vil taka það fram, að faðir hennar og móðir voru bæði dái.

Nú heyrði ég bjölluhringingu. Það var hringt í ákafa. “Dauðahringing”, hugsaði ég, því að það var aldrei hringt svo mikið, nema þegar lífshætta var á ferðum.

Ég heyrði hratt fótatak í ganginum. Hurð var opnuð. Nú komu fleiri. Rúm var dregið til. Nú vissi ég hvað var að gerast, því að í hvert skipti sem einhver dó í hælínu, var líkið flutt í rúminu inn í stofu nr. 13. – Guðmunda var dái.

Utan við líkamann.

Einu sinni lá ég í gipsi. Mátti ég ekki hreyfa mig, hvorki setjast upp í rúminu eða snúa mér á hliðina. – Ég lá ein í herbergi, en í næstu stofu svaf Ágúst bróðir minn á legubekk. Dyratjöld voru fyrir dyrunum, en engin hurð. Þótt dyratjöldin væru dregin til hliðar, gat ég ekki séð legubekkin í stofunni úr rúminu mínu. Ég fór venjulega mjög snemma að sofa á kvöldin.

Eina nótt, er ég hafði legið hálf tann á svona hreyfingarlaus, veit ég ekki af mér, fyrr en ég svíf í lausu lofti rétt uppi við ljósakrónuna.

Mér verður litið inn í stofu, því að dyratjöldin eru ekki alveg dregin fyrir. Þá sé ég, að Bjarni bróðir liggur sofandi á legubekknunum. Ég verð hálf hissa á þessu, því að ég vissi ekki annað en að Ágúst væri þarna, alveg eins og venjulega.

En svo fór ég að hugsa um ástand mitt. Hvað er þetta? – Ég svo sviflétt uppi við loft í herberginu. Ég lít niður. Þá sé ég líkama minn liggjandi í rúminu. “Er ég dái?” hugsa ég, en ég sé engan þarna hjá mér. Svo að það er þá enginn kominn til að sækja mig, ef svo er.

Mér finnst andlegt ástand mitt vera *nákvæmlega eins* og venjulega. Endurminningar – hugsanir óbreyttar. Engin breyting, nema hvað ég er sviflétt. Allt í einu er eins og kippt í mig og ég sameinast líkamanum og hrekk upp.

Um morguninn, þegar móðir mín kom inn til mín, spurði ég hana undir eins hver hefði sofið á legubekknunum í nótt, hvort Ágúst hefði ekki verið þar eins og venjulega. En hún sagði: “Þú varst sofnuð í gærkveldi, og við vildum ekki vekja þig, en Ágúst bróðir þinn þurfti að skreppa úr bænum, svo Bjarni svaf þar í nótt.”

Pétur (Neðanmáls: Séra Pétur Oddsson, nú prestur á Djúpavogi) ég ávarpa þig, þá veit ég, að mér gengur betur að skrifa.

Þetta, sem ég var að segja þér, gerðist um vetur. En vorið eftir kom það aftur fyrir, að ég losnaði úr líkamanum.

Eina nótt komst ég í eitthvert undarlegt ástand. Ég sé, að stúlka stendur við rúmið mitt. Strýkur hún með hendinni yfir vinstra brjóst mitt (einmitt veika brjóstið). Hjúkrunarkona – dettur mér í hug. Hún var líka klædd sem slík, í svörtum kjóli, með hvíta kappi á höfði og hvíta svuntu.

Ég fann ekki til hræðslu, en var svo glöð með sjálfri mér yfir að geta orðið vör við hana. Allt í einu leit hún upp, hætti að strjúka brjóstið og sagði: „Ó, ég þarf að flýta mér að taka á móti stúlku, sem er að deyja.” – Hún hvarf út um heilan gluggann.

Ég horfði á eftir henni. Mig langaði svo að vita hvert hún færi. Allt í einu lyftist ég upp, er komin gegnum múrvegginn, eins og ekkert væri. Er þar í lausu lofti, sviflétt og undrandi. Mér fannst ég vita, að stúlkan hefði farið í suðurátt. Nóttin var dimm.

En hvað þetta var undarlegt ástand! Ég var að öllu leyti *ég sjálf* andlega, en óumræðilega létt. Og hvað það var undarlegt, að vera þarna alveg upp við múrvegginn

fyrir miðju húsi, án þess að hafa stiga til að standa í. Gluggar fyrir ofan, neðan og á báðar hliðar.

Ég fór að undrast það, að kjallaratröppurnar væru til hægri handar. En... Já, það er alveg rétt, ég hafði aðeins séð þær í gegnum spegil út um gluggann. Því að ég flutti í þetta hús meðan ég lá í gipsinu og hafði ekki áður komið þarna út fyrir.

Allt í einu var eins og kippt í mig. Ég leið í gegnum múrvegginn aftur, án fyrirhafnar og samlagaðist líkamanum, hrökk upp og leit á klukkuna. Þá var hún 6. Ég hugsaði með mér, að í dag skyldi ég athuga blöðin, taka eftir því, hvort nokkur, sem ég þekkti, hefði dáið í nótt.

Klukkan 12 á hádegi sama dag kom mágkona mín inn til mín, mjög alvarleg á svipinn, studdi höndunum á fótagaflinn á rúminu mínu og sagði: “Veiztu það, Dúna, að hún Alla er dáin?” – “Einmitt, – því hafði ég búizt við, að eitthvað slíkt mundi ég fréttu. Hvenær dó hún?” spurði ég. “Um 7-leytið í morgun.” Þessi stúlka var vinkona mágkonu minnar. Ég þekkti hana líka dálítið. Hún hét Aðalheiður Sveinsdóttir og dó á Vífilstaðahæli vorið 1930.

Skyldi það hafa verið hún, sem hjúkrunarkonan mín flýtti sér svo mjög að taka á móti?

Draumurinn um Jesúm Krist.

Pétur! Þá er bezt að segja þér næst drauminn, sem þig langaði *mest* að heyra, drauminn um *hann* – sem þjóðirnar tilbiðja og þrá – friðarhöfðingjann – frelsara okkar mannanna. – Sál mín leitaði – þráði, þráði *sannleikann*.

Mig langaði svo ákaflega að vita það, hvort bænir okkar mannanna væru heyrðar, – heyrðar af æðri máttarvöldum, og fá sönnun fyrir því, ápreifanlega sönnun. – Tómasareðlið.

Já, svo hugsaði ég, ég fer beinustu leiðina, ég ætla að biðja *Jesúm Krist* að leyfa mér að sjá sig – birtast mér í draumi, enda þótt ég væri auðvitað ekki þess verð. – Aðeins að fá að sjá hann, – sem merki þess, að bænir mínar væru heyrðar, – bænir *okkar* mannanna – bænir, sem beðnar væru af *einlægu hjarta og sannri þrá*.

Svo byrjaði ég á þessu áformi mínu eitt kvöld. Bað til Guðs, sem hverja löngun sér. Þannig liðu nokkur kvöld. En aðfaranótt tíunda kvöldsins kom þessi margþráða stund, sem ég ætla nú að reyna að lýsa fyrir þér, enda þótt ekki *sé hægt* að túlka með orðum það, sem ég *fann þá*. – Það var svo magnþrungið augnablik, að sál mín var varla fær um að þola það – hvað þá að ég geti klætt áhrif þess í þröngan búning orðanna. Það verður aðeins dauft endurskin, þegar maður ætlar að fara að reyna að lýsa slíkum stundum.

Draumurinn.

Ég stend við glugga – stóran glugga. Við hlið mína stendur Valgerður Briem (var þá dáiin fyrir nokkrum árum). Hún heldur handleggnum yfir um mig. Ég held einnig handlegg mínum yfir öxl hennar. – Við stöndum þannig saman – í armlögum nokkra stund og horfum töfraðar á morgunfegurð himinsins, því að það var einna líkast fagurri, bjartri júní-nótt, kl 3-4, er sólin gyllir hin léttu góðviðrisský og fyllir loftið heitum ljóma.

Allt í einu er eins og veggurinn hverfi. Útsýnið stækkar – breikkar. Ég get ekki orða bundizt og segi: “Ó, hve það er yndislegt, að fá að njóta slíkrar fegurðar með þér.” Hún samsinnir. Ég gríp andann á lofti, því að ég sé allt í einu eins og op á himninum, það er eins og hann opnast á litlu svæði og í gegnum það steypist flóð af skínandi geislum. Það var einna líkast breiðu norðurljósabelti, en þó voru litirnir aðrir – svo fagrir, að ég hef aldrei þvílíka séð. Það var eins og foss af glitrandi, glampanði geislum. Og efst uppi birtist vera, skínandi björt. Hún svífur með útréttum örmum niður eftir geislabeltinu. Og á sömu stundu veit ég að það er hann. – Það er *Jesús Kristur*.

Ég var að fá ósk mína uppfyllta. – Hann hefur heyrt það – hann hefur heyrt bænirnar mínar – *þetta er svarið* – þaut eins og leiftur gegnum huga minn. – Og ég fann óumræðilega *sterka* strauma gagntaka mig. Ég var eins og lítið ker, sem ætlar að springa undan ofurþunga þess, sem í það er látið. En ég var *óumræðilega sæl*. Ég finn, hve kærleikurinn gagntekur mig og mér finnst ég verða svo góð – ég get elskað allt og alla. –

Nú er allt í einu eins og fjarlægðin verði að engu, ég sé langt niður í lönd.

Hvað er þetta? – Stríð? – Heimsendir? – Hvað er að gerast? Voðalegar sprengingar, jörðin þyrlast upp. Mannslíkamir. Partar af mannslíkómum. Vopnaðir hermenn. – En *hann* svífur eftir geislunum, nálgast þennan voðastað. Og er hermennirnir sjá hann, verða þeir hræddir, bera skildina fyrir, þola ekki ljómann.

Ég finn, að ég þoli heldur ekki hin sterku áhrif – finnst ég ætla að hníga niður – finnst ég vera að tapa meðvitundinni af *sælu*. (Hugsaðu þér, að finna svo mikla *sælu*, að það ætlar að líða yfir mann).

Ég ætla, að fara. Toga í handlegginn á Valgerði og hrópa: “Ó, komdu, ég sé – ég sé.” – Hún sezt niður. Ég krýp við fætur hennar og ætla að fara að segja henni frá sýn minni. En þá leggur hún höndina á höfuð mitt og segir brosandi: “Dúndig mín, heldurðu að ég viti ekki þetta, ég, sem fékk leyfi til að sýna þér það.” (Hún kallaði mig ávallt Dúndig).

Ég vaknaði. Ég var í sæluvímu allan daginn eftir og lengi fannst mér áhrifin vara. – Pétur! – Ó, það var *dásamlegt* að *fá* að lifa þetta. Síðan efast ég ekki, ég *veit*, að bænir eru *heyrðar*.

Gjör þú eins. Bíð þú um það, og *þér* mun *einnig veitast það*.

Það er guðdómleg næring hverri sál.

Þegar ég nú les þetta yfir, finnst mér orðin svo innantóm og gefa harla litla hugmynd um alla þá *undrasælu*, er ég varð fyrir þessa nótt. Helzt hefði ég kosið, að þú gætir *funduð* það, sem ég fann þá, er þú lest þetta. – En það er auðvitað barnaskapur, ímyndunaraflíð getur ekki skapað slík áhrif.

Draumurinn um rótina og grasið.

Mér fannst ég vera niðri í jörðunni, í þröngum, dimmum göngum. Ég var að berjast áfram í myrkrinu og að reyna að komast upp. Það voru margir þarna niðri og sumir virtust una sér vel, enda þótt dimmt væri. Allt í einu sá ég ljósglætu. Ég flýtti mér þangað og fór að klifra upp. Loksins var ég komin upp.

En sú *dýrð*, að standa þarna á sínum eigin fótum, létt og hress og teiga með velþóknun heilnæmt loftið! Himininn hvelfdist yfir höfði mér svo heiður og blár. Og ég fór að hugsa um, að ég skyldi annars hafa haldið það illt, að vera svona lengi þarna niðri í þrengslunum og myrkrinu.

Ég gekk áfram eftir mjúku grasinu og naut þess aðeins að vera til. – Allt í einu vissi ég, á einhvern dularfullan hátt, að Jesús Kristur væri hér æðsta ráð. Svo ég fór að brjóta heilann um það, hvort ég væri komin 19 aldir aftur í tímann eða hvort ég væri dáin. En þó var ég meira lifandi en nokkru sinni áður en ég losnaði úr líkamanum.

Ég sá menn, sem voru að vinna að akuryrkju. Landslagið var undurfagurt og mér leið yndislega vel.

Allt í einu heyri ég rödd rétt hjá mér er segir: “Hvort vildir þú heldur vera grasið, sem vex hér upp, eða rótin.” – Ó, nú liggur mikið við, að ég svari rétt –, hugsaði ég. Svo hugsaði ég með sjálfri mér: Já, grasið vex hér upp, nýtur sólar og regns – nýtur lífsins. En svo koma líka kuldar, og þá fölnar það og deyr, þolir ekki mótlætið. – En rótin, hún lifir þrátt fyrir allt. Þar er *lífið – kjarninn*.

“Ég vil vera rótin,” sagði ég. “Þú hefur valið rétt,” svaraði röddin.

Draumurinn var ekki lengri.

Draumurinn um Jón Bjarna Matthíasson.

Fyrir nokkrum árum (mig minnir að það hafi verið árið 1928 eða 29) dó bóndi vestur í Arnarfirði. Hann hét Jón Bjarni Matthíasson. Nokkru eftir að hann var dáinn, dreymdi mig, að ég sá hann. Í svefninum mundi ég glöggt eftir því, að hann var dáinn og þótti afar vænt um að ná fundi hans.

Ég gekk til hans og spurði hann, hvernig honum liði. Hann sagði, að sér liði ljómandi vel. Þá spurði ég hann, hvort ég ætti ekki að skila kveðju heim til hans. Hann átti konu og börn vestur í Arnarfirði.

“Á ég ekki að skila kveðju til konunnar þinnar?” sagði ég. “Jú,” sagði hann, “en ég bið sérstaklega að heilsa honum Bjarti í Árbæ.” Það var bóndi á næsta bæ við hann, er hét fullu nafni Guðbjartur Eleseusson.

Ég skrifaði dóttur Jóns Bjarna þennan draum. Skömmu seinna frétti ég, að Bjartur í Árbæ væri dáinn, hann hafði fengið slag.

Draumurinn um tjöldin tvö.

Mig dreymdi, að mér fannst ég deyja, losna úr líkamanum og svífa út í geiminn. Mér fannst einhver vera með mér, enda þótt ég sæi engan.

Ég bruna áfram í auðum geimi. Kem að ógurlega stóru tjaldi, sem náði svo langt sem augað eygði fyrir framan mig, – líkast vegg og ég komst ekki lengra. Það var ekki laust við að ég yrði hálf-hrædd, þetta var svo undarlegt.

En þá sé ég hönd, sem lyftir tjaldinu ofurlítið upp, um leið og sagt er við mig: “Líttu hérna inn.” Röddin var glaðleg og létt. Ég horfi hrifin inn í yndisfagran heim. Fjöll, skógar, vötn.

Útundan einni skógarhríslunni kemur stúlka. En hvað hún var undarlega fögur. Allt í kringum hana voru iðandi geislar, sem eins og stöfuðu út frá henni sjálfri og náðu nokkra sentimetra út frá líkamanum. – Þeir voru allir á hreyfingu, iðuðu og glitruðu í öllum regnbogans litum. – Ó, hvað þetta var fallett, var það munur eða okkar rotnanlega hold!

Eftir því sem ég horfði lengur á hana, varð ég vör við sterkari áhrif frá henni. Unaðslegir straumar gagntóku mig, gjörðu mig sæla og fylltu sál mína kærleika. Hve þetta var dásamlegt! Mér fannst ég allt í einu verða svo góð, langaði svo til að geta hjálpað einhverjum, þótti mikið vænna um allt en áður og fór að hugsa um, hve ósköp ég hefði verið köld.

En tjaldið féll og enn brunaði ég áfram. Nú kem ég að öðru tjaldi. Sama höndin lyftir því einnig upp og röddin segir, með djúpum, alvarlegum hreimi: “En líttu hérna inn.”

Fyrst sá ég ekkert nema myrkur, en þegar augun fóru að venjast myrkrinu, sá ég holt eða smáhæðir og dökkar manneskjur, sem sveimuðu sinnuleysislega hér og þar og hálfveltust hver um aðra, sljóar og kæruleysislegar. En röddin sagði:

“Vita skaltu það, að allar þessar mannverur eiga fyrir höndum að verða eins skínandi bjartar og fagrar og veran, sem þú sást áðan, en þær vita það ekki, eða hvað þær eiga að gjöra til þess að hefja sig upp úr þessu ástandi – og það getur orðið langur tími þangað til.”

Nú var ég enn undir kærleiks áhrifunum, sem ég hafði orðið fyrir frá björtu, fögru verunni, og þráði ekkert eins og að geta komizt inn til þeirra og hjálpað þeim, sagt þeim hvað þær ættu að gjöra til að hefja sig upp og hve dásamlegt það væri, er biði þeirra í framtíðinni.

“Ó, ég vil fara inn til þeirra og hjálpa þeim,” sagði ég. “Nei, það yrði ekki til neins, enginn myndi trúá þér,” sagði röddin, en um leið féll tjaldið.

Enn sveif ég áfram og nálgaðist jörðina. Þá sá ég mömmu, hún var þar ein á gangi og komin að stórri á, – vissi ekki hvernig hún átti að komast yfir. – Ó, mamma, – hve mér þótti nú vænna um hana en nokkru sinni áður og hve mig langaði til að geta hjálpað henni.

Ég flýtti mér til hennar, ætlaði að lyfta henni upp og bera hana yfir. En hve hún var þung, hún var í jarðneska líkamanum. Ég tók á af öllum sálar kröftum, hugsaði að ég skyldi ekki gefast upp. Og það tókst, ég kom henni yfir.

Svo komum við að háu bjargi; hún þurfti að komast þangað upp líka. Ég sveif upp á bjargið og rétti henni höndina (bjargið var afskaplega hátt og hvergi fótfasta). Er ég tók í hönd hennar, fann ég enn, hve hún var þung, en ég hugsaði mig heita og hún lyftist upp til mín.

Þá heyri ég allt í einu raddir og sé margt fólk, sem er að koma þessa sömu leið. Það hafði séð, hve mömmu gekk vel og nú heyri ég að það er að segja:

“Hvernig stendur á því, að henni Ragnhildi gengur svona vel, ó hvað ég vildi að mér yrði hjálpað eins.”

Ég varð himinlifandi glöð og hugsaði, að ég skyldi víst hjálpa þeim öllum, þarna fengi ég tækifæri til að nota kraftana.

Ég rétti þeim höndina. Einn eftir annan lyftist upp á bjargbrún, þar til allir voru komnir. Nei, einhver var á gangi niðri við ána og fór sér hægt. “Ég ætla að bíða,” sagði ég, “og hjálpa honum líka.” Einhver sagði: “Hann vill ekki láta hjálpa sér.”

Þá fannst mér ég allt í einu skilja, að ég mundi heldur ekki geta það, því skilyrði þess að geta hjálpað, væri, að sá, sem ætti að fá hjálpina, *vildi þiggja hana*.

Ég varð hrygg í huga og fór að hugsa um, hvað hún væri í raun og veru barnaleg, þessi þverúð, að vilja ekki allt til vinna, að komast sem fyrst áfram og upp á við.

Enn sveif ég eitthvað út í geiminn, en hrökk upp og vaknaði. Ó, hvað ég sá eftir því, að þurfa að vakna, vildi ferðast meira. En draumurinn var búinn.

Draumurinn um Svanbjörgu Baldvinsdóttur.

Svanbjörg Baldvinsdóttir hét stúlka, er var mér samtíða á Vífilstöðum. Hún dó veturinn 1928.

Skömmu eftir að hún var dáin, vaknaði ég við það eina nótt að ég heyrði kallað: “Dúna.”

Ég þekkti, að það var röddin hennar og datt í hug, hvort hún ætlaði nú að reyna að láta mig verða vara við sig. Ég sá ekkert og sofnaði strax aftur.

Ég var ekki fyrr sofnuð en mig fór að dreyma Svanbjörgu. Fannst við vera saman á gangi í stórra borg. Fyrst hélt ég að það væri Reykjavík, en svo sá ég að það var ekki.

Það var afskaplega mikil umferð á götunum. Bílar og fleiri farartæki brunuðu áfram og vagnar runnu eftir teinum í loftinu. Það hafði ég þó sannarlega aldrei séð áður, og horfði á þetta með hrifningu, eins og sveitabarn, sem aldrei hefur komið í kaupstaðinn fyrr.

Þá heyri ég glettnislegan hlátur og finn um leið að það er kippt í öxl mína og ég er dregin upp á gangstéttina. Þá stendur Svana hjá mér, hlæjandi og segir:

“Þú varst búin að gleyma þér, það var rétt búið að aka yfir þig.” Svo fór ég með henni inn í búð. Þar komst ég líka í einhver vandræði.

Ég vaknaði og gat ekki á mér setið að vekja mömmu og segja henni, að mig hefði verið að dreyma Svönu.

Svo sofnaði ég aftur, en strax fór mig að dreyma hana á ný. Ég sé hana og segi strax:

“Nei, Svana, veiztu að mig var að dreyma þig rétt áðan.”

“Ja – hvort ég ekki veit það,” segir hún, en það var einmitt einkennandi fyrir hana að taka svo til orða. Hún sagði svo oft “ja” – langt “j-a” á undan setningu.

“Hvað dreymdi mig þá?” spurði ég. Og hún sagði mér brosandí allan drauminn og það var alveg rétt. Ég varð svo hissa og spurði hana, hvort ég hefði þá í raun og veru verið með henni. Ja, hún hélt nú það.

Svo segir hún: “Komdu með mér, nú skal ég sýna þér, hvar ég á heima.”

Ég var til í það og var nú heldur forvitin. Við gengum áfram. Þá tók ég eftir því, að hún gekk alveg óhölt. Jú, þó það væri, hún sem var dáin og búin að fá nýjan líkama. En hún hafði fótbrotnað og gekk því dálítið hölt áður. Ég fór að dást að, hvað hún væri í fallegru kápu. Hún sagði, að það væri ekki eins dýrt að lifa hjá þeim, eins og okkur.

Nú komum við að dyrum á afar stóru húsi. Hún opnar og býður mér inn í stóra stofu. Síðan hvarf hún sjálfum aðrar dyr.

Ég fór að skoða og undrast. Stofan var afskaplega stór og svo hátt undir loft sem í kirkju væri. En allir veggir úr glampanði póleruðu mahogni.

“Það er naumast hún býr flott,” hugsaði ég. Stórt borð stóð þar á miðju gólfi og við það sátu tvær stúlkur.

Það opnast hurð og Svana kemur inn.

“Má ég kynna ykkur,” segir hún. “Þetta eru systur mínar hér.” Hún býður mér sæti. Við sitjum allar við borðið.

Ég horfi á Svönu í þögulli eftirvæntingu. Hún segir: “Já, Dúna mín, hérna líður öllum eftir því, sem þeir hafa sjálfir fyrirbúið sér með breytni sinni á jörðinni.”

Ó, það er einmitt það, sem ég hefi alltaf haldið, hugsaði ég – og vaknaði.

Pétur! Það er slæmt að vakna, þegar hæst stendur. Þarna þurfti ég að fá að vita mikið, mikið meira.

Mér fannst eins og ég væri að koma svífandi utan að, er ég vaknaði, og herbergið mitt fannst mér svo lítið og lágt, eins og eldspýtukassi, á móts við fína, glampanði salinn hennar Svönu.

Draumurinn um þroskastigin.

Mér fannst ég vera að leggja af stað í langt ferðalag. Fannst eins og ég færi heim úr heimi, eða stig af stigi. Draumurinn var hálf óljós til að byrja með.

Fyrstu tvö stigin voru mjög blátt áfram og hurfu áhrifalaust fram hjá mér. Þar fannst mér búa fólk, sem væri mjög ánægt með sjálft sig og þráði ekki að hefja hugann burt frá því hversdagslega.

Á þriðja stiginu var mjög mikil fegurð og vellíðan. Ég settist þar niður í angandi blómalaut og naut hvíldarinnar meðan ég teigaði að mér ilm blómanna. Það voru fleiri þarna hjá mér, sem einnig hvíldust og nutu.

Við fórum að tala um, hve í raun og veru væri dásamlegt þarna að vera, og sumir gátu ekki hugsað sér að vera annars staðar. Þetta væri hið æðsta, bezta, sem hægt væri að hugsa sér, öllum liði vel og maður þyrfti ekki annað. Nú var rætt um þetta fram og aftur, talað um litfegurð blómanna o. s. frv.

Allt í einu kemur hvítklædd kvenvera til okkar. Hún var há og tíguleg. Ósjálfrátt bar maður mikla virðingur fyrir henni. Hún segir:

“Já, hér eru blóm í öllum regnbogans litum, og ilmandi, en á tveimur efstu sviðunum eru aðeins hvítar rósir, sem ekki anga.” Síðan hvarf hún.

Ótti og lotning gagntók huga minn, er ég heyrði hana tala þessi orð. Ég varð hálf eirðarlaus, fann, að það nægði mér ekki lengur að vera þarna; ég varð að halda áfram.

Það var heldur ekki laust við, að mér fyndist keimur af andlegri lognmolluværð yfir þessari rólegu hvíld og vellíðan er þarna ríkti.

Ég stóð upp og lagði af stað. Mér var órótt innanbrjósts, því að ég fann, að það hlytu að bíða mín örðugleikar. En ég vissi einnig, að þetta var *einasta leiðin* áfram og upp á við, til þroska og fullkomunar, og hana varð hver og einn að fara fyrir eða síðar. Það var aðeins tímaspursmál hve langt yrði þar til fólk vaknaði til meðvitundar um þá staðreynd.

Það nægir ekki ávallt að njóta og hvílast, en að starfa og líða, það styrkir sálina, sé það tekið réttum tókum.

Ég sá, að enginn ætlaði að koma með mér, svo að ég fór ein.

Mér fannst ég koma að hurð, knýja á, og fyrir mér opnar stúlka, mjög alvarleg á svip og undrandi og segir:

“Loksins kemur einhver.” Svo býður hún mér inn og segir eitthvað á þá leið, að það bíði mín miklir erfiðleikar, og bara að ég gefist nú ekki upp á miðri leið, eins og svo margir áður.

Hún opnar hurð og bendir inn í myrkur, um leið og hún segir: “Þetta er leiðin, ætli þú þurfir ekki að snúa við aftur?”

Það greip mig ótti og kvíði við að þurfa að fara inn í þetta myrkur. En ég varð að halda áfram, setti í mig kjark og hvarf inn í myrkrið.

Ó, hvað það var þröngt um mig; ég varð að krjúpa og skriða svo áfram. Þetta var líkast því, að það væri hellir, þröngur, dimmur hellir, því að ég varð að fikra mig áfram eftir grjóti, sumstaðar eggjagrjóti.

Allt í einu ómar loftið af röddum, allt í kringum mig. Hæðnishlátur, hróp og köll.

“Uss, hún kemst þetta ekki frekar en við.”

“Skelfingar flón ertu, að halda að þú getir þetta, líttu við, manneskja, og sjáðu.”

“Hættu þessum asnaskap. Þú gefst upp, eins og við.”

“Hún skal ekki komast áfram, – ha-ha-ha,” kveður við úr öllum áttum.

Og ég þykist vita, að þetta séu raddir þeirra, sem hafa ætlað þessa leið, en orðið að gefast upp og látið blekkjast. Og mér datt í hug sagan í “Þúsund og einni nótt” um fólkið, sem komst ekki upp á tindinn, en varð að steinum í fjallshlíðinni, af því að það leit við og lét raddirnar blekkja sig.

Ég hugsaði með mér: Látum það bara hrópa og kalla. Ég *skal ekki* gefast upp, skal ekki líta við. Svo fór ég að hughreysta sjálfa mig.

“Ég, sem hefi orðið að liggja í gipsi í tvö ár, án þess að snúa mér á hliðina eða setjast upp, hví skyldi ég ekki þola þetta líka?

Og áfram hélt ég, þrátt fyrir hrópin og köllin, en erfitt var það.

Þá heyrði ég allt í einu svo hryllilega músik, að ég varð alveg undrandi yfir að hljómlist skyldi geta verið svo ógurleg. Það voru æsandi, tryllandi tónar.

Það á að þjarma að mér, hugsaði ég og titraði og svitnaði af vanlíðan, því að tónarnir fóru verst með mig.

Þá birti loksins, og ég var komin á vegarenda. Maður og kona, glaðleg á svip, komu á móti mér. Buðu þau mig velkomna og óskuðu mér til hamingju með sigurinn. –

Ég hvíldi mig ofurlitla stund, en síðan var ekki til setunnar boðið. Ó, hvað tekur nú við? hugsaði ég með kvíða.

Enn kom ég að hurð. Hana opnar hár og tignarlegur maður, með alskegg og göfugmannlegum svip. Býður hann mig velkomna og bendir mér inn í stóran sal.

Hann var auður að öðru leyti en því, að þrjár *taliur*, eða þykk reipi, héngu niður úr loftinu. Í tveim þeirra héngu stúlkur, efst upp við loftið og stundu mikið.

Maður og kona ganga til mín og segja með skipandi röddu: “Hér upp.”

“Ó, hamingjan hjálpi mér, þetta get ég ekki, svona veik í brjóstinu,” hugsaði ég. En það var ekkert undanfæri, ég *varð* að hlýða.

Ég tek í reipið og byrja að fikra mig upp eftir kaðlinum. Þá er togað í fætur mína, en mér tekst með erfiðismunum að losa mig, og kemst nú alveg upp, enda þótt mér finnst ég ætla að slitna í sundur af áreynslu. Og mér finnst ég vita, að ég verði að hanga þarna, þar til ég fái skipun um að mega fara niður aftur.

Ó, hve ég var svöng, og hve mig langaði í eitthvað að nærast á. En mér fannst ég einnig vita, að ég mætti enga næringu fá, yrði að neita mér um allt slíkt.

Það voru verulegar þjáningar að hanga þarna uppi, dauðþreytt, hungruð og þjád, og mér fannst, að ég hlyti að gefast upp á hverju augnabliki.

En ég *vildi ekki – mátti ekki* láta undan, og fór enn á ný að hughreysta mig með gipslegunni.

Hugsunin um hana var mér sannarleg hjálp í þessum erfiðleikum – uppspretta, sem ég gat teigað þrótt og kjark úr, þegar allt annað varð áhrifalaust.

Allt í einu heyri ég að önnur stúlkan hrópar á mat. – Ó, hún var að gefast upp.

Ég sé, að maðurinn og konan koma svífandi til hennar og gefa henni að borða. Að hún skyldi ekki reyna að halda þetta út, fyrst hún var komin svona langt, hugsaði ég.

Nú varð hún að fara og safna kröftum, þar til hún gæti byrjað aftur á nýjan leik. Því að hún varð einnig aftur að fara í gegnum myrkrið og þrengslin. Ég sárvorkenndi henni, vesalings stúlkunni.

En nú var ég að verða svo aðþrengd, að mér fannst ég hlyti að gefast upp á hverri stundu.

Allt í einu koma þau bæði svífandi upp til mín. Af hverju gjöra þau þetta? hugsaði ég, því að ég hafði einskis beðið. Þau koma með brauð og þrýsta því inn í munn mér. Ó, sú freisting, að vera hungruð, finna ilmandi matarbragðið, en mega einskis njóta.

Ég skyrpti því út úr mér, en það voru líka *stærstu átökin* og um leið lokapátturinn. Svipur þeirra breyttist, þau urðu svo blíðleg og góð, og sögðu:

“Þetta nægir, nú máttu koma niður, en þú skalt ekki halda, að við séum vond, höfum ætlað að gera þetta af grimmd, nei, það var aðeins nauðsynleg reynsla til þess að þú næðir vissu stigi.”

Nú opnast hurð og inn kemur fagur, tígulegur maður í skikkju. Hann gengur til mín, leggur hönd á öxl mína og segir:

“Guðrún Böðvarsdóttir, ég helga þig, í nafni guðs föður, sonar og heilags anda, hér með ert þú tekin (Pétur, ég get nú varla sagt þetta orð, mér finnst það svo fráleitt), í dýrlingatölu.”

Mér fannst, að hann hefði fremur átt að segja, að ég væri tekin í dauðra manna tölu.

Hann gjörði krossmark á bak mitt og brjóst um leið og hann sagði þessi orð. En þegar ég heyrði hann segja þetta, gat ég ekki orða bundizt og sagði:

“Segið þetta ekki, það getur ekki verið. Ég á það *ekki skilið*, og ekki þó að ég hefði þurft að líða mikið meir.”

Mér fannst ég þurfa að krjúpa fyrir framan hann og helzt að hverfa inn í sjálfa mig. En hann klappaði á öxl mér og sagði:

“Þetta sýnir einmitt bezt, að þú átt það skilið, því að það er lítillæti og sjálfsförn sem er nauðsynlegast.”

Svo snéri hann sér að manninum og konunni og sagði: “Komið með skikkjuna.”

Mér varð litið á fót mín og sá, að þau voru sundurflakandi og héngu aðeins í tætlum utan á mér og önnur öxlin var alveg nakin.

Hann sveipaði mig fagurri skikkju og sagði: “Far þú nú í guðs friði.”

Ég varð sæl og óskaði þess, að þessi fagra skikkja yrði nú ekki til að vekja öfund og ég yrði þannig óbeinlínis völd að því, að gjöra menn vonða.

Ó, hve ég var nú hamingjusöm, að vera laus úr erfiðleikum. Ég fór að hugsa um, hvar ég mundi nú lenda. Á leið minni út í geiminn og til þess staðar, er átti að verða bústaður minn í framtíðinni, fór ég fram hjá sviðunum, er ég hafði farið í gegnum.

Ég lagði af stað. Í dagrenningu mætti ég ungri stúlku með stóran plástur á annarri kinninni. Hún var með ótta, en um leið festu í augunum.

Ég hugsaði um leið og ég gekk fram hjá henni: “Guð styrki þig, svo að þú getir staðið í stríðinu, án þess að þurfa að gefast upp.”

Áfram hélt ég, sveipuð fögru skikkjunni minni og nú fann ég, að ég sveif, en gekk ekki.

Þegar ég fór fram hjá þriðja sviðinu, var ég að hugsa um hve langt yrði þar til hver og einn, er þar dvaldi, mundi vakna af dvalanum og finna hjá sjálfum sér þrá eftir að komast áfram, enda þótt það kostaði erfiðleika.

Þetta var einasta leiðin, – hún var erfið, en launin voru líka mikil.

Í þjáninga og þrauta skóla
þú munt læra bezt að finna
hvað er lífsins hnossið æðsta,
helgust þrá – og sönnust gleði.

Bréfið frá öðrum heimi.

Þórey föðursystir mín var gift síra Eyjólf Kolbeins, sem dáinn var fyrir mörgum árum, er mig dreymdi draum þann, er hér fer á eftir.

Nokkrum dögum eftir að Þórey andaðist, dreymir mig eina nóttina, að ég fæ bréf, er ég þykist vita að sé frá öðrum heimi. Ég flýti mér að opna það, um leið og ég hugsa:

Ó, bara að ég vakni nú ekki áður en ég fæ lesið það til enda. Ég lít á undirskriftina og sé, að þar stendur “Kolbeins.” Hvað skyldi hann ætla að segja mér? dettur mér í hug og flýti mér að lesa:

“Dúna mín! Þið skuluð ekki halda, að þið fáið sjálf að ráða því, hvar þið lendið eftir dauðann. En sá staður, sem þið tilheyrði eins og sagnar ykkur til sín. Kolbeins.”

Mér fór að detta í hug kaflinn í bókinni “Á landamærum annars heims”, þar sem talað er um aðdráttaraflíð, sem nokkurs konar leiðarvísi sálna, er losna héðan af jörðunni, til þess staðar, er verður heimkynni þeirra í öðru lífi.

Ég minntist einnig draumsins um hana Svönu, er hún sagði, að öllum liði þar í heimi eftir því, sem þeir hafi til unnið með breytni sinni á jörðunni. Og þá kynni sá staður, er við hlytum hinum megin, að vera öðru vísi en við mundum helst hafa kosið. Því að við erum svo veik fyrir og ófullkomin og satt er það, sem postulinn sagði:

“Hið góða sem ég vil gjöra, gjöri ég ekki, en hið vonða, sem ég vil ekki gjöra, gjöri ég.”

Dreymt fyrir bruna í Keflavík.

Sömu nóttina og bruninn mikli varð í Keflavík (það var aðfaranótt 31. des. 1935) dreymir mig, að hurðin á herberginu mínu opnast, og inn kemur maður með stutta slá yfir herðum sér. Hann lyftir höndunum í kveðjuskyni um leið og hann segir: “Við erum komnir að sækja þig.”

Það er ómögulegt, hugsa ég. Er stundin komin? – Jú, það var veruleiki. Og augnablikið varð svo áhrifaríkt, magnþrungið, ólíkt þessum sljóu augnablikum hversdagsleikans. Þetta var svo *mikið*, svo *stórt*, að vera nú virkilega að fara að deyja. “Komdu,” segir maðurinn.

Og mér finnst ég losna við líkamann og fylgja honum eftir. Þá finnst mér allt í einu eins og við séum stödd í nokkuð stórum sal. Það er eitthvað af fólki þar inni, en það er allt grátandi. Og ég fer að hugsa um, af hverju þetta fólk muni vera að gráta.

Ég fer út úr salnum, en þegar út kemur, er skuggsýnt mjög og allt öðruvísi umhorfs en í Reykjavík. Það var einna líkast smáþorpi. Á götunni rétt fyrir framan mig er einhvers konar farartæki, kolsvart að lit, ekki óáþekkt bíl, en þó einnig líkt flugvél. Hjá því standa fjórir svartklæddir verðir með gyllta borða vafða um höfuðin, tveir aftast og tveir fremst.

Nú kemur skikkjuklæddi maðurinn, sem auðsjáanlega er fararstjóri, og segir: “Það eru komnir 6 inn, en við þurfum að taka fleiri með í leiðinni.”

Ég fer að hugsa um, hve ósköp margir ætli að fylgjast með mér yfir um. Nú þegar komnir 6 og hann ætlaði að taka fleiri. Mér fannst ég vita, að þetta fólk væri komið inn í svarta farartækið, en ég settist í körfu, sem var aftan á.

Er ég var sezt þar, finn ég að flugvélin (ef ég mætti kalla það svo) líður upp í loftið, og ég tók eftir því, að hún fór á leiðinni upp gegnum húsin, eins og þau væru aðeins reykur eða þoka. Áfram brunuðum við í loftinu.

Einhvers staðar lendum við, og ég þykist þá vita, að nú séum við komin til annars heims. Þar var margt um manninn og ys og þys. Allir þurftu að fara inn í einhvern sal, en þangað komst ekki nema einn í einu.

Til mín kemur maður og segir: “Ég á að fylgja þér, ég veit allt um þitt líf.” “Ertu þá verndarengillinn minn?” spyr ég. “Ég veit allt um þig,” segir hann.

Mér fannst þetta undarlegt, en þá segir hann mér nokkuð, sem ég hélt að enginn vissi, nema ég ein, – svo að ég varð að trúá, hvort sem mér þótti það ljúft eða leitt. Nú er komið að mér, ég á að fara inn í salinn – maðurinn fylgir mér.

Í dyrunum mætum við stúlku, sem er að fara þaðan út. Þegar inn kemur, sé ég sitja þar tvo menn við stórt borð, og það er steinahrúga fyrir framan þá á borðinu. Þeir rétta mér lítinn stein og segja mér um leið, að þessir steinar séu mælikvarði á það, hvar maðurinn eigi að búa í framtíðinni. Það fari eftir því, hvað hann geti lyft þungri byrði, hvar hann muni lenda.

Þessi steinn var afar léttur, svo mér var réttur annar þyngri. Svo smáþyngdust steinarnir, þar til einn kom töluvert þungur, og ég sagði þeim, að ég kærði mig ekki um að

þykjast geta lyft þyngri byrði en ég væri fær um með góðu móti. “Alveg rétt,” sögðu þeir. Og ég rétti þeim nokkuð þungan stein, sem mér fannst hæfa kröftum mínum. Þeir snéru sér að fylgdarmanni mínum og sögðu honum hvert ég ætti að fara.

Mér finnst við leggja af stað út í geiminn. Svo veit ég ekki fyrr en mér fannst liðinn langur tími og Ágúst bróðir er að koma og á að lenda á þessum sama stað. Hann er kominn. Og ég segi við hann:

“Nú skal ég lofa þér að heyra, hvað ég hef lært síðan við skildum,” og mér finnst ég vera eins og tvær manneskjur. Ég sit í stól við stórt hljóðfæri og spila, með léttum höndum og fljúgandi leikni. En ég stend einnig fyrir aftan stólinn, hrifin og undrandi yfir að mín *djúpa þrá og von* skyldi rætast.

Draumurinn var ekki lengri en þetta. En nokkru seinna frétti ég, að 6 manns hefði farizt í eldinum í Keflavík, einmitt þessa sömu nótt. Og fleiri dóu einnig af völdum hans, ég held daginn eftir eða nokkru seinna.

Huldulæknar.

Ég hef nokkuð oft orðið vör við hina svonefndu huldulækna, sem ég held þó að séu framliðnir menn.

Ég trúði nú ekki verulega á mátt þeirra til hjálpar sjúkum; fyrr en ég varð vör við þá sjálf. Svo ríkt var Tómasareðlið.

Fyrst leitaði ég til Ingibjargar Jónsdóttur. Það var gömul kona, sem nú er nýlega dáin, en margir kannast við, vegna sambands hennar við andalækna. Margir hafa leitað til hennar og fengið hjálp við meinum sínum og erfiðleikum.

Í fyrsta skipti er ég leitaði til Ingibjargar eftir læknishjálp, hafði ég brjósthimnubólgu. Nóttina eftir varð ég vör við að ég var strokin eftir vinstri síðunni, einmitt þar sem bólgan var. Um leið sá ég hvíta hönd, sem strauk mig, og fann sterka, nokkuð sára strauma, leggja um mig.

Ég heyrði sagt: “Viljið þér nú snúa yður alveg við.” Ég gjörði það, og fann um leið að ég var þukluð um hrygginn – og var hálf-hissa á því, því að þá vissi ég ekki til, að ég væri neitt veik í hryggnum, enda þótt ég hefði oft þreytuverk í bakinu. En seinna kom það í ljós, að ég var einmitt veik í hryggnum og þurfti að leggjast í gips sökum þess.

Í einhvers konar leiðsluástandi var ég, er ég varð vör við þetta – mitt á milli svefns og vöku. Ég sá að lækni-rinn gekk fram eftir gólfinu á leið út og hugsaði: “Þökk fyrir komuna og hjálpina.”

En hann nam hugsun mína, snéri sér við, gekk inn að rúminu aftur og rétti mér brosandí höndina. Með hálfum huga tók ég í hana og fann, hve hún var mjúk og fin – ólík okkar hörðu höndum, einna líkust rósarblaði að mýkt. Ég spurði: “Hvar eigið þér heima?” Hann brosti og hvarf, en ég hrökk upp af leiðsluástandinu.

Næst þegar mamma kom til Ingibjargar, sagði hún, að Friðrik læknir hefði sagt sér, að ég hefði orðið vör við sig. Og það fannst mér stórmerkilegt.

Nokkru seinna, er ég var lögzt í gipsið, fékk ég lungnabólgu eftir uppskurð, eða réttara sagt snert af lungnabólgu. Ég var lengi búin að hafa hita, yfir 38 stig á morgnana og um 39 stig á kvöldin, er það gerðist, sem ég ætla nú að segja frá.

Mér leið venju fremur illa eitt kvöldið, hafði nokkur strik yfir 39 stig. – Slagæðin hamaðist og ég var afar þreytt. Mér datt í hug að reyna sjálf (án þess að senda til Ingibjargar) að ná í samband við lækni (huldulækni).

Ég var ein í herbergi. Klukkan var orðin 9 að kvöldi. Ég ætlaði að reyna að sofna, en það var ekki nokkur leið. Ég fór að reyna að hugsa og biðja um hjálp:

“Friðrik læknir – eða hinar göfugu verur, sem hjálpa okkur jarðarbúum – alheimskrafturinn – Guð – –”.

En orðið, sem ég oftast sendi út í geiminn á bylgjum hugans, var – *hjálp*. Út frá þessum hugleiðingum sofnaði ég loks, en vaknaði aftur kl. 3 um nóttina og byrjaði þá á ný að biðja um hjálpina. Ég hafði einskis orðið vör, og mér leið ekki vel, sami hitinn og þreytan.

Ég heyrði klukkuna slá 4 og 5. Ég lá í móki, eða einhverju undarlegu ástandi milli svefns og vöku.

Allt í einu heyri ég barið á hurðina, og finn strax á eftir, að mér er snúið rösklega við í gipsinu, og hönd strýkur eftir bakinu, frá hnakkagróf og niður. En út frá þessari hönd finn ég leggja sterka, sára strauuma, sem bylgjast fram yfir brjóstið og út um mig alla. Svo sterkir og sárir voru þeir, að mig langaði helzt að hljóða. En ég fann, að nú (loksins) var hjálpin komin, og hætti við slíkan barnaskap.

Ég sá mann standa við rúmið mitt, með tösku í hendinni. Hann segir: “Þér voruð búnar að missa mikinn kraft, svo mikinn, að ég varð að taka kraft frá honum bróður yður til að hjálpa yður.”

Hve undarlegt, hugsaði ég. – Hann talaði um “kraft”, og ég minntist kraftaverka Krists. Jesús sagði eitt sinn: “Hver snart mig?” Því að hann fann kraftinn ganga út frá sér. Þá var það konan sem hafði svo sterka trú, að henni fannst hún yrði heilbrigð, ef hún aðeins næði að snerta klæðafald hans. Og henni varð að trú sinni. –

“Þér standið á takmörkum, hvað heilsuna snertir,” segir hann; “ef þér viljið láta yður batna, verðið þér að reyna að sofa kl. 9 á kvöldin og helzt sofa eitthvað á daginn líka. Því í svefninum fáið þér mestan kraftinn. – Svo er þér komið á fætur úr gipsinu, skuluð þér vefja fótleggina, því að það er hætt við að skvap sígi á leggina eftir svona langa legu.”

Mér varð litið á töskuna, sem hann hélt á í hendinni, og hugsaði: – Ó, ef hann væri nú með bindi í töskunni og vildi vefja fætur mína, það yrði þó sönnun, ef ég yrði með vafða fætur, er ég vakna í fyrramálið.

En hann hefir þá náð í hugsanir mínar, því að hann segir (og þá þúaði hann mig): “Ég hélt þú ættir nú að vita það, sem ert búin að hugsa og lesa svo mikið um þetta, að hjá okkur ríkir allt annað efnislögmál en hjá ykkur, og þína fætur verður þú að vefja með efni, sem samsvarar þínum líkama.”

En hvað ég skammaðist mín fyrir trúleysið. En hann sá hve ég varð aum og veifaði hendinni brosandí til mín í gættinni, um leið og hann fór út. En ég var svo utan við mig, að ég gleymdi að þakka honum fyrir hjálpina og þótti það mjög leitt. –

Ég vaknaði, leit á klukkuna, þá var hún 7. En sá friður í líkamanum, æðasláttur og þreyta horfin, og mér leið svo ljómandi vel, flýtti mér að taka mælirinn og sjá hvað hitinn væri. – Ég hafði “normal”-hita, 37 stig. Það hafði ég ekki haft lengi.

Ég varð mjög glöð og hlakkaði til að segja mömmu fréttirnar. Þetta var sunnudagsmorgunn. Bróðir minn lá nokkuð lengi fram eftir, svo að ég spurði hann, hvort hann væri lasinn. Nei, en hann sagðist ekkert skilja í því, hvað hann væri máttlaus, hann nennti helzt ekki að hreyfa sig. Hann klæddi sig ekki fyrr en um hádegi, en jafnaði sig, er á daginn leið.

Ég sagði honum það, sem hafði gerzt um nóttina, og að ég væri hitalaus. Svo þakkaði ég honum fyrir kraftinn!

Nú var ég afar forvitin að vita hvort hitinn hækkaði aftur, með kvöldinu, fannst ég varla þora að trúá því, að ég væri alveg laus við hitann, ég, sem var búin að hafa svo lengi

hita. En hitinn hækkaði ekki. Ég hafði eðlilegan hita um kvöldið, 37 stig, og var hitalaus upp frá því og komst á fætur úr gipsinu. En ég gerði svikalaust það, sem læknirinn sagði mér að gera: Sofnaði snemma á kvöldin og svaf oftast eitthvað á daginn.

Þennan sama vetur kom það oft fyrir aðra og þriðju hverja nótt, að ég varð vör við, að það var verið að hjálpa mér. Stundum heyrði ég barið og hurðin hrökk upp.

Ég sá hvítan þokustrók líða inn eftir gólfinu, og rétt í því fann ég, að tekið var undir öxl mér og mjöðm og mér lyft ósköp varlega á hliðina. Síðan var strokið eftir endilöngu bakinu og yfir á vinstri síðuna. Stundum var mér lyft upp og snúið næstum alveg á grúfu.

Oftast fannst mér tveir eða þrír vera hjá mér í einu. Ég var farin að hlakka til nóttanna. Það var svo dásamlegt, að geta orðið vör við þetta, geta svo að segja rétt höndina yfir á annað tilverusvið og fundið, að það var til annað og meira en þetta hversdagslega jarðlíf.

Einu sinni sem oftast finn ég, að lækarnir eru komnir, og mér er lyft á hliðina.

Þá grípur mig allt í einu svo sterk löngun eftir að fá að deyja, og ég spyr, hvort þeir vilji ekki slíta lífsþráðinn og lofa mér að fara með sér. Þá er sagt: “Uss, þetta máttu ekki segja, þegar við erum að hjálpa þér til að komast úr gipsinu.”

Aftur var það, að þeir eru komnir, búnir að lyfta mér upp og eru að strjúka bakið. Þá sé ég allt í einu geislarák, sem kemur úr áttinni frá þeim. Ég fylgi henni með augunum. Hún breikkar eftir því sem fjær dregur og staðnæmist við mynd, sem hangir á þilinu, mynd af Kristi með þyrnikórónuna.

Það var myrkur í herberginu. – Ég horfði þó nokkra stund hrifin á þessa fögru geisla uppljóma andlit Jesú Krists á myndinni. Það voru titrandi geislar í öllum regnbogans litum. – Ó, hve það var fagurt! – –

Hvernig er að deyja?

I.

Árið 1931 var á Vífilsstaðahæli ung stúlka, er Guðmunda hét Jóhannsdóttir. Hún var töluvert mikið veik og rúmliggjandi. Við höfðum bréfasamband, skrifuðumst á, og mér duldist ekki, að hún óttaðist dauðann. Var það mjög eðlilegt, svo ung sem hún var, aðeins 17 ára gömul.

Ég var að reyna að hughreysta hana, sagði henni hve sannfærð ég væri um það, að dauði væri í raun og veru ekki til, heldur aðeins flutningur yfir á annað tilverusvið og þar biði okkar mjög svo verulegt líf. Sagði ég henni ýmislegt, sem ég hafði bæði heyrt og lesið um það, svo að henni fór nú að finnast dauðinn ekki eins hræðilegur og áður. Okkur kom saman um það, að sú okkar, sem færi á undan, skyldi reyna að láta hina vita, hvernig það væri að deyja.

Nokkrum dögum eftir þetta heit okkar frétti ég að hún væri dáin. Mér datt ekki í hug, að það yrði svo fljótt, en hún hafði fengið ristil – og hann flýtti fyrir henni.

Nú liðu 2 mánuðir, og einskis varð ég vör.

Svo var það eina nótt, að mér finnst ég losna úr líkamanum, ég veit ekki fyrr en ég stend í opnum dyrum og sé inn í herbergi. Þar liggur stúlka í rúmi.

Ég flýti mér inn til hennar. Það var þá Munda litla (Guðmunda). Hún réttir fram báðar hendurnar og segir: “Nei, Dúna, hvernig fórstu að komast gegnum móðuna.” Ég sagði:

“Ég ligg sofandi heima í rúmi, en ég hef haft svo sterkan hug á að komast til þín, að nú er ég komin.”

Allt í einu verður hún mjög hrygg, tekur báðum höndum um háls mér og fer að gráta.

“Hvað gengur að þér, elsku Munda mín?” sagði ég. “Þú sem alltaf varst svo kát og gæzt hlegið svo dátt í gamla daga.”

Hún var mjög léttlynd og hláturmild og einnig ljómandi falleg stúlka. Þá segir hún:

“Ó, hugsaðu þér, Dúna, ég er ekki farin að sjá hana mömmu enn þá.” – En móðir hennar var lifandi og bjó vestur í Arnarfirði.

Svo að ég hugsaði með mér: Nú, já-já, er það þá svona, að maður getur ekki fengið að sjá vinina, sem eftir lifa, – það er þá bezt að vera rólegur meðan maður er hjá þeim, það kemur sú tíðin, að maður fær ekki að sjá þá.

En ég fór að reyna að hughreysta hana og sagði, að það væri nú ef til vill af því, að það væri svo stutt síðan hún hefði dáið.

Ég spurði hana, hvort hún væri ekki búin að sjá hann pabba sinn. “Jú,” sagði hún, “en ég þekkti hann nú svo lítið.” Þá mundi ég allt í einu eftir því, að faðir hennar hafði dáið, er hún var 6 eða 7 ára barn.

“En elsku Munda mín, nú ert þú búin að reyna þetta *stóra, mikla*, að deyja, – ó, segðu mér nú, hvernig það er,” sagði ég.

Hún hressist nú við, varð alvarleg og undrandi á svipinn og sagði:

“Já, ef þú vissir bara. Fyrst sá ég mann í hvítum slopp standa við rúmið mitt, hann strauk mig upp eftir líkamanum og dró svo eitthvað hvítt úr vitum mér. Svo vissi ég ekki fyrir en ég lá hér, og þá sat hann þarna í stólnum við rúmið mitt og sagði:

“Litla, fallega stúlka, ef það væri ekki ljótt að öfunda, þá gæti ég öfundað þig af, hvað pundið þitt var fallett.”

Hve undursamlegt! hugsaði ég, og datt í hug setningin: “Ávaxta þú pund þitt.”

“En hvernig var svo, þegar þú varst að lifna við, eða vakna?”

“Fyrst fann ég til í maganum,” sagði hún. “Það var samt ekki sárt. Svo fann ég til í brjóstinu, og loks fór ég að anda.”

Um leið og hún sagði þetta, hægt og með hátíðlegum rómi, lagði hún hendurnar á brjóstið, og dró andann djúpt, og það var auðséð á svipnum, hve henni fannst þetta dásamlegt kraftaverk, að lifna aftur, verða til að nýju.

Og mér fannst það ekki síður dásamlegt og drakk í mig hvert orð, er hún sagði.

Nú lyfti hún upp handleggnum og sagði: “Og ég gat hreyft handlegginn, – og svo var ég bara hér.”

Já, það var merkilegt. Ég tók eftir því, að hún var mjög svipuð því sem hún var áður, en þó fólari og máske ennþá laglegri.

Ég var hrifin að vera búin að ná sambandi við hana og hafði ótal margt í huganum, sem ég ætlaði að spyrja hana um.

En þá er allt í einu eins og kippt í mig. Ég hrekk upp og vakna og heyri um leið hávaða uppi á hæðinni fyrir ofan mig. Mér þótti þetta verulega leiðinlegt, að vera vakin svo snögglega og geta ekki talað lengur við Guðmundu litlu.

Hvernig er að deyja?

II.

Tveimur árum seinna varð ég venju fremur lasin. Fékk ég háan hita. Eitt kvöld, er ég hafði mælt mig, var hitinn 39 stig.

Næstu nótt sé ég – ég veit ekki hvort ég var vakandi eða sofandi, en ég sá rökkrið í herberginu og móta fyrir hvítri hurðinni – hurðina á herberginu mínu opnast og inn kemur maður með tösku í hendinni.

Upp úr töskunni tekur hann eitthvað, líkast kassa, og skrúfar fast á höfðagaflinn á rúminu mínu. Úr þessum kassa tekur hann snúru eða taug, er hann leggur á vinstri öxl mér, og ber svo til handlegginn eins og hann sé að dæla einhverju í öxl mína, rétt hjá viðbeininu. En um leið finn ég sterkan, sáran straum leggja niður brjóstið og út um mig alla.

Ég kannaðist vel við þennan sára straum, því að ég hafði áður orðið hans vör.

Ég vissi strax, að þetta var læknir, kominn að hjálpa mér, og mér datt í hug að biðja hann einnig að hjálpa konu, er svaf í næsta herbergi. Hún var veik í fæti og gekk við hækju, en hafði verið svo óheppin daginn áður að detta á veika fótinn. Ég bað hann að gera svo vel að athuga konuna.

“Jú.” Hann tók kassann af rúminu mínu og lagði hann á legubekkin. En einmitt hinum megin við þilið var rúm konunnar.

Nú sá ég, að hann bar aftur til handlegginn eins og hann væri að dæla einhverju úr kassanum. Þilið virtist ekki vera neitt til fyrirstöðu. Svo gengur hann aftur að rúminu mínu, og ég segi við hann:

“Ó, hvað ég er orðin ykkur skuldug fyrir alla þá hjálp, er þið hafið veitt mér.”

“Það er ekkert, sem heitir að skulda hjá okkur,” segir hann, “því að það, að hjálpa öðrum, hefur okkur á hærra stig.”

“Ó, hvað ég hlakka til, þegar ég er dáin,” sagði ég, “og get farið að starfa með. Ég kvíði aðeins fyrir dauðastundinni, – er ekki vont að deyja?”

Þá sagði hann: “Ég get lofað yður að finna hvernig það er.”

Ég varð nú heldur forviða, og tók andann á lofti. Ætlaði hann í raun og veru að sýna mér, hvernig var að deyja?

Nú byrjar hann að strjúka mig; strýkur upp eftir líkamanum og dregur frá vitum mér hvítleitan, þokukenndan streng eða hnoða (líkast útfrymi).

En mér líður ákaflega vel, finn engan sársauka. Aðeins fæ ég kippi í fætur og handleggi, svipað sinadrætti, en þó sársaukalaust, og ég finn að það dregur úr mér allan mátt, eins og ég ætli að sofna. Það var mjög þægileg tilfinning.

Allt í einu dettur mér í hug: Þetta er alveg eins og hún Munda litla sagði mér forðum, að það væri að deyja – þetta er sannarlega það merkilegasta, sem fyrir mig hefir komið um dagana.

Skyldi hann ætla að taka mig alveg núna? – Ef ég lægi nú dáin í rúminu í fyrramálið, þegar mamma kemur inn, mundi henni bregða.

Um leið og ég hugsa þetta, sé ég hvítan strók myndast á gólfinu við rúmið og smáhækka, eftir því sem hann dregur meira efni frá vitum mér. Ég ætlaði að spyrja hann hvort það væri meiningin að taka mig alveg mína, en ég gat ekki hreyft kjálkana eða tunguna til að tala, það var svo af mér dregið; gat aðeins umlað ósköp veikt.

En þá hætti hann, og hvíti strengurinn rann inn í mig aftur, en ég fann lífið, kraftinn streyma um mig alla, og spurði hann nú að þessu.

“Nei, það var ekki meiningin,” sagði hann, “enda eruð þér of fastar fyrir ennþá.”

Enn var undrun mín svo mikil, að það komst ekki annað fyrir í huganum – og ég sá hann hverfa út um dyrnar.

Morguninn eftir var ég hitalaus, – og var það allan veturinn og lengur.

Sóttvarnir.

Í fyrra vor – vorið 1935 – dreymir mig eina nótt, – það var í marz, – að ég sé tvo lækna í hvítum sloppum standa við rúmið mitt. Þeir biðja mig að fara fram úr rúminu rétt sem snöggvast.

Ég geri það, alveg hissa, og sezt á legubekkin. Þá sé ég, að þeir eru með lítið blikk-ílát. Annar læknirinn heldur á glasi og telur dropa úr því niður í ílátið, en hinn kveikir undir. En um leið sé ég bláleita gufu rjúka upp úr ílátinu.

Þá segir annar læknirinn: “Þú skalt láta 10 dropa fyrst, minnka það svo um eitt prósent, einn dropa á dag; það ætti að nægja.”

Nú sé ég, að það er búið að setja tjald, eða einhvers konar vegg, allt í kringum rúmið mitt, og nær hann alveg til lofts. Búið að einangra rúmið algerlega, en það var dálítið op við höfðagaflinn – rétt aðeins fyrir mig að smjúga í gegnum.

Þeir láta þetta rjúkandi ílát inn í byrgið og segja mér síðan að fara upp í rúmið.

Ég teygi höfuðið inn í byrgið og finn þunga reykjarsvælu, er ég dreg andann, finnst ég þurfa að hósta og segi:

“Ó, þetta þoli ég ekki í lungun.”

“Þú verður að þola það,” segir annar læknirinn, “því að það fara bráðum að geysa hér ýmsar pestir, sem þú mátt alls ekki fá, – kíkhósti, flensa, mislingar o. fl., en þessi gufa drepur allar bakteríur.”

Ég var búin að vera veik í lungum í mörg ár, en þó smitlaus og oftast hitalaus, og hefði því ekki þolað mörg slæm áföll.

Ég hlýddi þeim og fór upp í rúmið. En morguninn eftir var ég með þela fyrir brjóstinu, eins og ég hefði verið í miklum reyk.

Nokkrum dögum seinna fór kíkhóstinn mjög áberandi að geysa um bæinn og influenzan. Einnig frétti ég að mislingar væru að stinga sér niður. Ég man ekki eftir að hafa nokkurn tíma fengið kíkhósta, en bæði kíkhósta og influenzu-sjúklingar komu inn til mín. En ég varð ekki veik, og þakka ég það gufunni – hjálp huldulæknanna minna.

Árið 1924 dreymdi mig að ég skrifaði nafnið mitt: – Guðrún Böðvarsdóttir, fædd 9. júlí 1902. Dáin ... 6. – Og hefi ég því verið að ímynda mér, að ég mundi deyja á þessu ári, 1936.1)

1) Eins og segir í formálanum andaðist Guðrún 12. ágúst 1936.

Haust um vor. Maí 1928.

Þegar sumarið kom, og sólin skein – og sendi ungu lífinu á móður jörð yl og næringu, fuglarnir sungu fagnandi yfir vorinu, ljósinu og lífinu, himininn var heiður, hafið blátt og heimurinn virtist fagur og lífið einn sólskinsdagur, – þá – kom haustið til mín, svo heljar þungt, og huldist skýjum svörtum, svo lítið varð úr vonunum mínum, fögrum og björtum.

Rúmlega – Gipsfjötrar – Kyrrstaða – Auðn – Tómléiki. – Ég varð að yfirgefa allt og hverfa inn til fjötranna, í fangaklefan minn, eins og fugl í búrið.

Það var í maí. – Þegar blómin ungu opnuðu bikara sína, fagnandi móti sól og dökk – öll náttúran opnaði faðminn, fullan af angandi, gróandi lífi – af þrá til að lifa og njóta. Þá lagðist ég í rúmið.

En fregnin kom sem feigðarskúr, fannst mér tíminn staðnæmast.

Eilífðardjúp örvæntingar blasti við mér, svo ógnar dimmt og dapurt.

Borgirnir hrundu – hlekkirnir fjötruðu og ein ég stóð á eyðimörk örvæntinga og sorga.

Þegar búíð var að fjötra líkamann, var eins og ég fyndi bezt, hve andinn var frjáls. – Hann flaug um hugans heima og geima. Dvaldi við ýmsar endurminningar frá liðna tímanum, bæði leiðar og ljúfar.

Það er oft yndislegt að dreyma vakandi, og hve það er dásamlegt að eiga þó frjálsan, ófjötraðan huga, sem getur flogið upp yfir stund og stað, burt frá deyfð og dróma.

Fram í tímann vildi hugurinn líka fljúga, en þá fann ég, að ég varð að taka í taumana, því að þar var svo mikið myrkur og óvissa. Ég varð að reyna að hafa taumhald á huga mínum, mátti ekki hleypa honum yfir eyðimerkur vonbrigða, sorga og örvæntinga, því að þar var lítinn svaladrykk að fá. Þar hafði hann gefið upp – örmagnast, en slíkt má ei verða þótt móti blási.

Ef ég gæti þess ekki að hafa alltaf jafn öruggt taumhaldið, veit ég ef til vill ekki fyrr en hann er farinn að villast í eyðimörkinni.

Í einverunni allt skapast, er unað gefur. – Ég sá það bezt í sumar, hve sælt er að leita inn, því að eitthvað í minni eigin sál að endingu ég finn.

Nú stöndum við fyrir dyrum huga míns, ég ætla að lyfta tjaldinu ofurlítið frá og lofa þér að skyggnast inn.

Skipstjórinn á sálarfleyinu mínu heitir “Vilji.” Hann leyfir ekki landganginn, nema þeim, sem engin andleg sýkingarhætta stafar af.

Margir eru óvinirnir, sem vilja komast að og mjög eru ágengir og er “þunglyndið” þeirra erfðast. Er svört, drungaleg ský og dimm þoka umlykja á alla vegu, er hætta á ferðum, því að víða eru blindsker og boðar, er sálarfleyinu getur stafað alvarleg hætta af, en þau ber að varast, svo að ei illa fari, því að ekki er ávallt byr, en oft blæs sterkt á móti.

En vita á ég þann hinn mikla stóra, er vitið mér gaf, og meðan hans ljós skín yfir hugarhafið, er ég örugg. En sumir eiga vita, en villast þó.

Einn af skipverjunum heitir “Kjarkur”. Hann er ungur drengur og óharðnaður. Það var einkennilegt, hvernig ég fann hann og reyndar mesta lán, að ég skyldi finna hann. Því að það er sjaldan að manni hlotnast að hafa þann dreng í návist sinni, er örvæntingarbyljir skella yfir sálarfleyið. –

Það var eitt sinn, eftir einn vonbrigðastorminn, að ég var á gangi, döpur, þreytt og niðurdregin, eftir djúpum sálarfylgsnanna. Myrkur var þar mikið og margt óþekkt, eða órannsakað – því miður þekkjum við svo lítið okkar eigin sál.

Margt lítið frækorn var þar hulið, sem vantaði bæði birtu og næringu, til að geta vaknað til lífsins – þroskast.

Ég gekk með lampa hugsunarinnar í hendinni. Á botni djúpsins dulda sá ég lítinn dreng, við glætuna frá ljósi hugsunarinnar. Það leyndist aðeins lífsmark með honum. Ég fagnaði yfir því að hann skyldi þó vera til þarna og ekki alveg dáinn, þótt lítið væri lífsþrekið, eins og hjá þeim, er oft verða fyrir áföllum.

Ég tók hann með mér upp á yfirborðið, í þeirri von að hann þyrði að horfa *beint* framan í *veruleikann*, því nú var “Kjarkur” litli búinn að fá öruggan verndara, “Viljann” og ég vildi reyna að láta hann þroskast og dafna í skjóli hans.

Oft hafði ég áður að honum leitað og fundið hann. En “Kjarkur” litli var baldinn drengur og strauk í burt þegar mest reyndi á, því að þá vantaði strangan vilja til að gæta hans.

Kjarkur á systur, er “Viðkvæmni” heitir. Það er lítil stúlka, ljóshærð, bláeygð og blíðlynd.

Oft fellur þeim ekki vel, eins og hjá systkinum er títt. Hann vill hafa ráðin, svo að hún verður þá oft að lúta í lægra haldi og tapar við það. En við það að sigra systur sína styrkist hann. Þess vegna eiga orð skáldsins svo vel við, er það segir:

”Það sem mitt þrek hefur grætt, það hefur viðkvæmnin misst.” Nú er “Kjarkur” litli óðum að þroskast og dafna. Þeir vinna saman í bróðerni, “Vilji” fóstri hans og hann. –

Útþrá – Vorþrá – Vökudraumar.
Vorið – 1931.

Ég þrái að brjóta hlekkina þungu og komast út – út í vorið og ylinn, – láta berast með blænum upp til öræfanna – inn að faðmi fjallanna og finna moldina anga.

Ég þrái að finna fjallablæinn frjálsa blaka vængjunum og sjá himinhvelfinguna heiðbláa yfir höfði mér. – Finna ilm og litfegurð blómanna, með daggardropa eins og skínandi demanta á krónum sínum.

Ég þrái að sjá speglandi hreinleik heiðskírs himinhvolfs.

Ég þrái að heyra þróttmiklar drunur hrynjandi fossanna og sjá litla lækinn hjalandi, hoppandi, hendast niður hlíðarnar, stelast til að kyssa blómin á bakkanum svalandi kossi, um leið og þeir flýta sér syngjandi til sjávar.

Ég þrái að sjá björgin stoltu og sterku, er standa sem verðir, við strendur og í dölum. Þau benda á sjálfstæði, á eigin mátt. Þau benda upp, – upp til þroskans og andlega aflsins. Þau örva sálarþrek og kraft – og hvetja menn til að brjótast upp brattann, á tindinn sigursæla, er laugast sigurfrjáls og fagur í himinblámanum.

Ég þrái að finna vorið og ylinn koma streymandi úr lindum loftsins, með fuglasöng og fagra liti – vorið, í allri sinni dýrð. Þú, vorið ljúfa, vorið, vekur huga minn, í ylgeislunum ungu undrakraft ég finn.

Ég þrái að finna lífið – lífið, með öllum þess unaði, sælu og sorgum. – Ég vil eiga lífið í öllum myndum, jafnt í sælu, sorgum (og syndum!).

Ég þrái að teygja þrótt og þor úr frjálsu lífi.

Ég loka augunum og læt hugann reika. – Ég staðnæmist á hamrinum háa og horfi yfir dalinn. – Nei, sérðu, hvernig blærinn þýtur léttur yfir blómgrundina. Hann faðmar hvert blóm, hvert strá, hann kyssir á fögru kollana þeirra.

Þeir hneigja sig í djúpri lotning, svo daggardroparnir hrynja til jarðar um leið og þeir titra af sælli gleði og ást, á létta, mjúka, þýða blænum, sem smýgur inn á milli fingerðra krónublaðanna þeirra og ber svo burt í fanginu frjóanga lífsins til nýrra blóma og stráir út yfir jörðina.

Hann er eins og engill frá Guði sendur, skapara alls, og hefir nú þetta mikla starf með höndum. Hann er eins og Amor í allri sinni dýrð. –

Ég læt sál mína sveima milli blómanna. Hve þau anga.

Hvað get ég lært af þér, litla blóm? – Ó, hve líf þitt er fagurt. Þú vinnur þitt hlutverk í kyrrð og ró og auðgar heiminn með ilm þínum og fegurð. Dýrð guðs skín á hverju þínu krónublaði.

Polinmæði er ein af þínum aðaldyggðum. – Lífsorka þín eyðist, um leið og þú sendir ilm þinn frá þér öðrum til gleði. Líf þitt er fórn á altari fegurðar.

En hvað færð þú í staðinn? Jú – sólardísinn vekur þig á hverjum morgni um leið og hún laugar þig í geislaflóði sínu. En á kvöldin kemur svo döggin og kyssir þig svalandi kossi og

breiðir yfir þig fögru perlublējuna sína, áður en næturdrottningin kemur, mjúk og mild –
felur þig í faðmi sínum og vaggar þér í væran blund, unz þú hvílir undurrótt í ríki þagnar.
Þar í dalnum búa konungshjón sem heita Kyrrð og Friður. –

Á hljómlaik.
9. nóv. 1931.

Sjaldan er of mikið í sölu lagt, til að geta notið fagurrrar hljómlistar – til að geta farið og sezt að fótum meistaranna og hlustað.

Án þess má engin söngþyrst sál vera, – því að annars fer hún á mis við guðlega aflstrauma, er endurnæra hana og veita henni þroska á þessu sviði. Og sé sálin víðfeðma, veita þeir jafnframt þroska á öðrum sviðum.

Því að hljómlistin er svo víðtæk og voldug, að sé á annað borð við henni tekið af viðkvæmri sál, er hefur möguleika til að skilja hana, hefur hún ótakmörkuð skilyrði til að vekja blundandi öfl sálarinnar til lífsins, – vekja allt hið göfugasta og fegursta, er býr í mannssálinni, og hvetja hæfileika-andann, er áður var fjötraður af lamandi mollu hversdagsleikans og vanans, til framsóknar og nýrra dáða.

Ég er komin inn í helgidóm hljómlistarinnar.

Ég bíð með mikilli eftirvæntingu. Tjaldið er dregið til hliðar – listamaðurinn kemur fram á sjónarsviðið og sezt við hljóðfærið.

Meðal hlustenda ríkir djúp þögn, er innan skamms mun verða rofin af töfrandi tónum listamannsins.

Hann lyftir höfði og lítur upp dreymandi augum. Hann virðist þó ekki sjá það, sem í kring um hann er. Sjón hans veit inn á við – inn í hans eigin sál. Þar á hann heilan heim fyrir sig. Í því tónaríki búa verk skáldanna, er hans listamannssál á nú að túlka fyrir fjöldann.

Hann lyftir höndum, þær falla að nótunum og voldugir hrífandi tónar fylla salinn. – Tónar, sem knýja á. – Þeir eru göfugir gestir, sem knýja á hverja mannssál og vilja að við þeim sé tekið. – Þeir eru eins og skínandi, glampanði geislar, sem læsast inn í skuggum fyllta sál og brjóta veldi myrkurs á bak aftur.

Ég hlusta – og hlusta í þögulli lotningu. – Ég heyri raddir. – Tónarnir tala:

“Við komum til ykkar allra – allra, við viljum engan skilja eftir, engan hafa útundan.

Ó, hrindið okkur ekki burt með kuldalegu skilningsleysi! – Heimurinn á svo mikið til af nístandi kuldaneþju og myrkri.

Ó, veitið okkur viðtöku. Við þurfum að lýsa, – við þurfum að ylja og láta ykkur skilja.

Við þurfum að vekja blundandi frækorn kærleikans til lífsins í sál ykkar og láta ykkur skilja, að eins og við gerum okkur ekki mannamun, en viljum koma til ykkar allra – allra jafnt, þótt af litlum, skilningi sé víða við okkur tekið, – eins eigið þið að hafa augu ykkar opin, fyrir öðru en aðeins ykkur sjálfum og ykkar nauðsynlegustu þörfum.

Þið eigið að efla og þroska skilning ykkar og samúð gagnvart hver öðrum og auðga kærleikann í sál ykkar – kærleikann til alls og allra.

Þið eigið að taka ykkur sólina sjálfa til fyrirmyndar – verma og lýsa þann veg, er þið gangið.”

– Tónarnir óma og hljóma, og vekja bergmál í sál minni. – Þeir hljóma með þrumandi þungum nið, eins og þegar ólgandi öldurnar skella upp að hömrinum, – brotna og falla í hylinn. – En stundum svo mjúklega og leikandi létt, eins og hjalandi, hoppandi, hrynjandi lækjarlind á vordegi – en dropar hennar svala þyrstri sál. –

Stundum óma þeir svo angurblítt og seiðandi – þeir tala um ást, fegurð og yndisleika. – Þeir tala einnig um óslökkvandi þrá mannsandans – þrá – sem hann skilur ekki í fyrstu hvert stefnir.

En er augu hans hafa opnast – opnast jafnframt skilningur hans á því, að þrá hans stefnir að, – ótakmörkuðum þroska hans eigin sálar, um aldir alda. –

Nú heyri ég ekki meira, – nú heyri ég ekki lengur – en nýt fegurðar og unaðar; um leið og tónarnir svífa með sál mína, á vængjum sínum um veglausan geiminn – burt – burt frá jörðinni, með öllum hennar þjáningum, sorgum og syndum – þangað, sem andinn finnur frið og fögnuð, í helgidómi eilífðarinnar.

Skyldi það vera skugginn einn?

Á koddann læddist lítið tár
og leyndist þar. –
En sorgin hjúpaði hrygga brá
og hjartað skar.
Er óvænt sígur sól í mar
það syrtir að.
Skyldi það vera skugginn einn,
sem skilur það?

Golan þýtur.
Júní 1932.

Viltu hlýða á mál mitt ofurlitla stund – huldi vinur? – Ég veit ei hver þú ert, en það gjörir ekkert til. Þú ert þolinmóður og það nægir mér. –

Ég er ein hér inni. Það eru aðeins nokkrir metrar til lofts, nokkur fet til veggja. – En ég þrái ómælanlega háan himin og óendanlega vítt til veggja.

Ég er ein. – Heyri aðeins friðandi ljóðrænan þyt golunnar við gluggann minn. – Við erum vinir, hún og ég. Hún skilur mig, og ég skil hana. Hún veit hve ég elska hljómlist, að þrá mín til tónanna er hluti af sjálfri mér – samgróin mínu innsta eðli.

Þess vegna er það, að hún raular svo oft fyrir mig, þegar ég er ein. Hún tekur hörpuna sína í hönd og leikur sorgþrungnustu og angurbliðustu lögin sín. Stundum geta þau líka ómað svo ömurlega, en hún getur ekki að því gjört, – hún er svona sjálf.

Hún túlkar það, sem hún á til og leggur sál sína í sönginn, eins og allir sannir listamenn gera. – Þeir skrifa ljóðin með hjartablóði sínu.

Hún á bágð með að vera glöð, því hún kemur svo víða og sér og skilur alla sárustu sorgarleiki mannanna barna.

Hún sér hvernig þau hnýta sjálf sína eigin fjötra, úr sterkum þáttum sálar sinnar, sem eru, ágirnd – öfund – afbrýðisemi – hroki og síðast en ekki sízt, eigingirni, því að af henni eru allir hinir sprotnir.

En rót eigingirninnar er þetta ég, sem allt vill fá, allt vill eiga, – alls vill njóta, en litlu fórna. Það er heldur ekki von, því að það er ekki eðli eigingirninnar að fórna.

Náttúran er alls staðar sjálfri sér samkvæm. Það kemur ekki dúfuungi úr hrafnsseggi. Rót rósarinnar elur af sér blómhnappinn, fagran og ilmandi, en upp af rót illgresisins sprettur ekki annað en illgresi.

Og hún hugsar oft: – Ó, ef þeir vildu reyna að rjúfa þessa þætti, slíta þessa fjötra af sér, hve þeim mundi þá líða betur. Þá fyrst yrði lífið þeim líf, en ekki sífellt stríð og barátta. En það kemur þó fyrir stund og stund, að þeir sjá geisla af perlum sannleikans, eins og hrævareld í fjarska. En það er ekki nema augnablik í einu, og þá helzt á næturnar, þegar raddir dagsins eru þagnaður, kyrrð og friður kominn á og þeir liggja andvaka eftir erfiðleika og vonbrigði dagsins.

Það er svo erfitt að festa hendur á ljósinu, en náist lítill geisli er hætt við að hann kafni brátt í dægurþrasi og viðjum vanans.

Jú – þessi sannleikur, er hann ekki sá, að reyna að yfirbuga eigingirnina í okkur?

Ég held að takmark lífsins sé *fullkominn kærleikur*, – fegurð, gæði, göfgi, vit, og þá full sæla um leið. Það mun vera erfið leið og löng að því marki. En þegar við þekkjum markið, vitum hvert stefnir, getum við byrjað strax.

Viðleitni til hins góða léttir undir og kornið fyllir mælinn, þótt hægt fari. Það þarf líka allt sinn tíma og eilífðin er löng.

En byrja verðum við á því að ráðast á skæðasta óvin sálarinnar, þann óvin, er við flest eigum í svo ríkum mæli, en sá óvinur er einmitt eigingirninn.

Já, golan, vina mín, hún syngur sönginn sinn fyrir mig, því að ég heyri svo margt í honum – svo margt, margt. –

Hún ber inn til mín blómailm, svo að ég finn að vorið liggur í lofti.

Hún gjörir þetta fyrir mig, af því að hún er svo góð og trygg, og hún finnur ekkert til þess að hún er góð, en segir að þetta sé sitt lífsstarf, að þjóta um jörðina og bera ilm að vitum fólksins – og hún getur heldur ekki að því gjört, þótt það komi fyrir, að það berist einnig stundum með henni andstæða ilmsins, óþefurinn.

En það sé nú ekki við öðru að búast í heimi, þar sem öllu ægir saman: Góðu, illu, fögru, ljótu, fersku og fínu.

En þá huggar hún sig bara með hinum spaklegu orðum: “Á misjöfnu þrífast börnin bezt.”

Hún segist líka eiga tvo bræður, sem hjálpi sér stundum – þá blæinn – og vindinn.

En stormurinn, faðir þeirra, er svo stórhuga og sterkur, að hann getur oft varla stjórnað sér, þegar hann er á ferðinni, og hlýzt þá stundum tjón af, einkum er hann reitir konung Ægi til reiði. Þó þykir mér vænt um hann, því að hann er svo hressandi og frjáls og feykir burt mörgu feysknu og fínu, og kemur skýjunum til að þjóta svo fagurlega eftir himinhvelfingunni og taka á sig alls konar myndir, sem ég hef oft skemmt mér við að horfa á.

Hann er svo duglegur smiður. Enginn byggir breytilegri borgir á jafn skömmum tíma og hann. Hann byggir kastala, hallir, kirkjur og hrifandi álfahallir, en rífur jafnóðum niður aftur og byggir á ný.

Fjöll, skógar, tjarnir og vötn verða til og skip, sem sigla á vatninu. Skipið flýtir sér að landi, rennur saman við fjallið. Nú breytist vatnið líka, og allt rennur saman í dökka bólstra.

En það líkar honum ekki, hann greiðir úr bólstrunum og byggir enn á ný. Nú eru það öldungar, með hvassar, loðnar augnabrúnir og sítt skegg, eins og vitringarnir frá Austurlöndum. Riddarar á þjótandi fákum. Fagrar gyðjur með flögrandi hár, í skikkjum með löngum slóða.

Nú breytist slóðinn í barnsandlit – engilsandlit, og engillinn lyftir vængjunum og flýgur beint frá sínum eigin veruleika. En stormurinn heldur áfram endalaust. Hann heldur víst að hann sé guð loftsins og eigi með að skapa úr skýjunum það sem honum sýnist – skapa og deyða á víxl. Og óendanlega er hann völdugur.

“Þjótandi skýin skemmta mér bezt.

Skuggaleg lognmolla fellur mér verst”

Regndropar hrynja eftir rúðunni minni – og falla á rauðleita moldina.

Hljóð ég ligg og hlusta – á dropanna mjúka mál.

Viðbætur:

Minningagreinar og fleira sem ekki voru í bókinni.

Ágúst Bööðvarsson:
Kvæði um systur

Hví slokkna ljós sem lýsa
um lífsins dimmu braut,
en þá sem veginn vísa
oft veikir böl og þraut?
Hví bregðast bjartar vonir?
Hví blóðgast guðleg spor?
Hví fölna fögru blómin
svo fljótt um lífsins vor?

Hvort ertu dáin Dúna,
þín dofnuð, stirðnuð hönd,
sem hörpuna svo hreyfði
að hjartans leystust bönd?
Er hjartað hætt að starfa,
sem hreinan kærleik bar?
Hvort fæ ég aldrei frammar
að finna bergmál þar?

Nei! – Dáin ert þú ekki
þótt okkur horfin sért
þú frá oss burtu flogin
til fegri heima ert.
Þig sjálfa heyri ég segja:
“Nú samgleðjist mér öll,
því ég hefði fengið frelsið
og flust í bjarta höll”.

Þú dæmir mig ei Dúna
þótt drjúpi sál mín klökk
er heyri' ég hljóma' úr fjarska

þína hinstu kveðju' og þökk.
Það er svo margt að minnast
svo margt sem dýrmætt er.
Nú ég get aðeins þakkað
það allt, sem varst þú mér.

Þú skildir best og skírðir
hví sköp vor reynast þung,
þann sannleik sýna' oss vildir
þú sjálf, svo veik og ung.
Í gegn um þraut og þjáning
og þungar öldur kífs
þú altaf eygðir brautir
til æðra' og betra lífs.

Það var þér ljúfur léttir,
í löng og döpur ár,
að brosa blítt mót öllum,
hin bitru að græða sár,
að senda sólargeisla,
að setja' í aðra kjark.
Af þér var ljúft að læra
um lífsins æðsta mark.

Þótt syrgi' ég elsku systir
ég samgleðst þér þó meir
að vera laus úr viðjum
hins veika holds er deyr.
Og eftir unninn sigur
upp yfir dauðans ský
nú aftur rís þinn andi
til æðri starfa' á ný.

Þér óska' ég ekki að sofa
þér ei mun værðin kær.
Nei, heilbrigð vaka og vinna
mun vilja þínum nær.
Að brjótast sjálf upp brattann
að buga hverja þraut
um eilífð áfram sækja
upp andans þroskabraut.

Nú stattu' upp heil til starfa
með styrka og mjúka hönd.
Lát aftur andann djarfa
sér ókunn nema lönd.
Og breiddu blíða hljóma
um bjartan fagran heim.
Ég heyri' í hug mér óma
af hörpuslætti þeim.

Hjartkærar þakkir fyrir samverustundirnar.
Ágúst Bøðvarsson.

Kvæði birt í Morgunblaðinu 26. nóvember 1936.

Guðrún Lárusdóttir:
Vinarkveðja um Dúnu.

“Sofðu sæla meyja,
saklaust kvennablóm,
þér var ei þungt að deyja,
þú færð, mildan dóm”.

(Matth. Jóh.)

Hún hét fullu nafni Guðrún Böðvarsdóttir, en vinir hennar og vandamenn kölluðu hana æfinlega Dúnu. Það var “gælu”-nafnið, sem hún eignaðist í vögggunni sinni, og því nafni hélt hún til dauðadags.

Við Dúnu-nafnið eru tengdar margar ljúfar minningar um ástkæra dóttur, systur og vinstúlku.

Æfin hennar varð þó ekki löng. Hún fæddist þ. 9. júlí 1902 og dó 12. dag ágústmánaðar síðastliðinn.

En þessi fáu ár hennar hér á jörðu voru flestöll merkt reynslu þjáninganna, því þegar æskusólin hló í heiði og björt framtíð blasti við hinni hugljúfu ungu mæ, drap hann að dyrum, gesturinn geigvænlegi, sem rífur vonarblómin upp með rótum og breytir æskuvorinu í hrímkalt haust — “hvíti dauðinn” lagði á hana sinn helkalda hramm.

Hún mætti örðugleikunum með bjartsýni æskunn-ar, vonaði mót von, beið þolinmóð þess er verða vildi.

En árin liðu og batinn gerði ekki vart við sig; loks þvarr öll batavon með árunum, löngum og ströngum.

Óþarft er að fara mörgum orðum um vonbrigði slíkra ára, eða sársaukanum, sem fylgir baráttunni við eyðandi öflin, er vilja líkamann feigan. Dúna fór ekki varhluta af henni, en bjartsýni hennar og trúartraust bar þó hærri hlut og gaf henni ósegjanlegt þrek.

Hún lærði altaf betur og betur að beina huganum frá hinu hverfula til hins varanlega. Það gaf henni birtu í sál, svo að hún gat brosað, þegar aðrir sáu ekkert annað en vonbrigðin og tárin.

“Jafnvel þótt vor ytri maður hrörni, endurnýjast samt vor innri maður dag eftir dag”.

Þessi orð postulans rættust í lífi hennar. Sál hennar þroskaðist æ því meir, sem líkaminn hrörnaði. — Máttur Guðs í veikleikanum kom berlega fram í lífi hennar.

Þess vegna var það svo hugsvalandi að kynnast henni og ánægja að ræða við hana. Hún unni öllu fögru og góðu. Fann til með þeim, sem áttu bágt. Bar hlýjan hug til allra. Var þakklát fyrir hvert smáræði, sem fyrir hana var gert. Gladdist eins og barn.

Sólargeislinn, sem flögraði á þilinu, var henni boðberi fegurðar og ástúðar. Litla blómið var henni Guðsbros.

Sönghljómarnir sveifluðu sál hennar í hæstu hæðir, hátt yfir sjúkleik og sorgir, lyftu henni upp í ljóssins ljóma, létu hana eygja dýrð hinnar himinbornu söng-listar.

Hún var söngelsk og söngnæm með afbrigðum, og lék svo vel á hljóðfæri, að unun var á að hlýða; þar var vak-andi sál að verki, söngnæm sál, handgengin tónunum.

Þó hafði hún aldrei getað lagt verulega stund á hina elskuðu hljómlist, vegna þess að heilsan brást henni algjörlega þegar á morgni lífsins; en ég þori þó að segja, að hún skildi miklu meira í þeim fræðum en margur hver, sem árum saman lærir og lærir, því að heimur tónanna stóð henni ætíð opinn, og birti henni þá unaðsdýrð, sem þeir einir skynja, er söngdísin sjálf hefir tekið ástfóstri við, og vissulega var Dúna í þeirra hóp.

Þegar ég lít yfir hinn fagra æfiferil Dúnu, sé ég, þrátt fyrir skuggana, sem ávalt fylgja veikindunum, svo marga “sólskinsbletti í heiði”, sem yndi er að dvelja við.

Dúna átti svo mikið af gleði og blíðu.

Hún var eins og “blóm, sem brosir öllum mót”, eins og “ljúflingslag, sem lífgar huga og sál”.

Hún kunnir vel að hressa og gleðja þá, er með henni voru; þó hún væri sjúklingur sjálf, fjötruð á sjúkrabeði í full 11 ár, átti hún lífsþrótt og lífsgleði, sem him miðlaði öðrum ríkulega. — Yndisleg ung stúlka, sem brosti við dauðanum, af því að hún trúði á sigur lífsins.

Aldrei mælti hún æðruorð.

Með óbilandi kjarki og sívaxandi andlegum þroska háði hún stríðið við vald dauðans og bar sigur úr bítum fyrir sigurafl hans, sem hefir sagt:

Ég er upprisan og lífið, sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi.

Allir, sem unna henni, samfagna henni nú og gleðjast innilega yfir hinni langþráðu lausn frá þrautum og þjáningum; en það er orðið tómlegt þar sem hún Dúna brosti áður við vinunum sínum.

Söknuðurinn er jafnan sár, þó sárastur sé hann viðkvæmri móður, sem árum saman tók þátt í þjáningum veika barnsins og leitaðist við, eftir mætti, að hjúkra því og hlynna að því, en það er þá líka hún, sem á allra fegurstu og hugljúfustu minningarnar um elsku

Dúnu sína, ástkæru dótturina, sem auðgaði líf hennar með kærleika sínum, hvarf svo burt og bíður nú eftir “mömmu”, þar sem:

“Guð mun þerra hvert tár afaugum þeirra og dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er frammar til“.

Þangað liggur leiðin. Þar verður gott að hittast aftur.

Hér hníga tárin í leyni, andvörp stíga í hæðir, en friður Drottins faðmar minningarnar um elsku Dúnu, og laðar hugann heim.

Í dag verða jarðnesku leifarnar lagðar til hvíldar í mold þess lands, er hún unni mest.

Vinir fylgja henni klökkir til grafar, en þeir láta huggast af því þeir vita að:

“Þótt vinur hnígi lík að láði,

og logi tár á hreldri brá,

þá huggar eitt sem aldrei brást,

vér aftur síðar munum sjást”.

Hvíl svo rótt við hjarta fósturjarðarinnar.

Sveipi Guðssól þitt leiði.

Signi þig friður Drottins.

Guðrún Lárusdóttir.

Grein birt í Morgunblaðinu 25. ágúst 1936.

Elínborg Lárusdóttir:
Um bókina “Dul og draumar”.

Höfundur þessarar bókar er látin fyrir nokkrum árum. Guðrún var dóttir séra Böðvars fyrrum prests að Rafnseyri og fyrri konu hans, Ragnhildar Teitsdóttur.

Efni bókarinnar var mér áður kunnugt. Ég var tíður gestur á heimili þeirra mæðgna síðustu sjúkdómsár Dúnu. Ræddum við þá oft um það, sem fyrir hana hafði borið og var að bera. En ég held, að ég ýki ekki þótt ég segi, að henni hafi stöðugt verið að vitrast eitthvað, ýmist í vöku eða draumi. Hefði það allt verið skráð niður jafnótt, væri það efni í stóra og allmerkilega bók, fyrir þá, sem hallast að þessum málum.

Mér er líka óhætt að fullyrða, að þetta er enginn skáldskapur frá hennar hendi. Þetta er sagt eins og það bar fyrir hennar sálarsjónir — með hennar orðum og hennar stíl að vísu — en skáldskapur er þetta ekki.

Það vill nú svo til, að ég var stödd á Vífilstöðum, þegar Dúnu vitraðist það, að Guðmunda ætti að deyja. Ég dvaldist þann vetur þrjá mánuði á Vífilstöðum og var ég stofufélagi Guðmundu sálugu. Batinn var óvenju hraður eftir því sem gerist um svona sjúkdóm.

Guðmunda var tekin að gera ýmsar ráðstafanir fram í tímann. Hún hafði mikla lífsþrá, enda stóð hún á þeim tímamótum, er lífið virðist glæst og lofar mestu. Hún var heitbundin ágætum pilti og hún unni honum mjög.

Nokkrum dögum eftir að Guðmunda lagðist, mætti ég Dúnu að morgni til frammi á gangi. Hún bað mig að ganga með sér inn til sín. Þegar inn kom, spurði hún mig, hvernig Guðmundu liði. Svona eins, svaraði ég.

En ég furðaði mig á spurningunni, af því að Dúna kom til hennar daginn áður og síðan þá hafði engin breyting orðið á heilsu hennar, enda virtist hún þá ekki mikið veik.

“Það bar dálítið einkennilegt fyrir mig í nótt. Ég ætla að segja þér það; við vitum það þá þrjár”, sagði hún. Svo sagði hún mér það, sem fyrir hana bar og í bókina er skráð, allt, nema lokabáttinn.

Við vonuðum víst báðar, að það gengi ekki eftir — og okkur virtist það víst báðum jafnótrúlegt, af því Guðmunda var að verða albata, eftir því sem læk'nirinn taldi. Skömmu síðar fór ég alfarin af hælínu með þá von í brjósti, að Guðmunda hlyti bata. En sú von brást. — Hún átti að deyja.

Bækur, slíkar sem þessi, verða aldrei dæmdar á sama mælikvarða og aðrar bækur. Efni þeirra kemur frá heimi, sem aðeins örfáum hlotnast að skyggast inn í. Það virðist næstum eins heimskulegt að gera tilraun til þess eins og að láta blindan mann dæma um lit, eða daufdumban greina hljóð. En þrátt fyrir það, eiga slíkar bækur sitt erindi til margra. Þær eru hljómur frá hinum veglausu geim og þær vekja margan til umhugsunar um lífið hér, og það, sem koma skal.

Þegar ég las þessa bók, saknaði ég margs, sem því miður hefir ekki verið tekið þarna með. En margt af því mun til í handriti hjá móður hennar.

Dúnu er lýst svo rétt í formála bókarinnar, að þar þarf ekki um að bæta. En hinni miklu fórn móðurinnar, er annaðist hana öll sjúkdómsárin, og tók þátt í gleði hennar, sorg og vonbrigðum, verður aldrei lýst. Slík fórn verður aldrei mæld né vegin.

Og nú að síðustu, er hún að uppfylla ósk sinnar heitt elskuðu dóttur, að fjársjóðurinn, sem henni var gefinn til uppbótar þrengingunum — fjársjóðurinn, sem gerði hana sterka og þolinmóða í þrautum og örugga á dauða-stundinni, megi verða öðrum það, sem hann var henni c: örugg víska um framhaldslífið.

19. marz 1944. Elínborg Lárusdóttir.

Grein birt í Alþýðublaðinu 22. mars 1944.

Aðalbjörg Sigurðardóttir:
Um bókina “Dul og draumar”.

Guðrún hét hún, en Dúna var hún kölluð. Allir, sem kyntust henni, elskuðu hana.

Hún var eins og sjaldgæft, fínt blóm, sem stóð þó svo styrkum rótum í lífi jarðar, að sjálfur hvíti dauðinn, sem merkti sér hana kornunga, gekk ekki með fullan sigur af hólmi fyr en eftir 17 ár.

Fyrir 8 árum síðan var sú hólmganga á enda, en nú er Dúna komin aftur, í litlu bókinni Dul og draumar, sem hún skrifaði sjálf, er móðir hennar hefir geymt handritið að, þar til nú að hún hefir gefið það út.

Ég er viss um að Guðrún Bøðvarsdóttir hefir orðið ógleymanleg öllum sem nokkuð voru með henni.

Ég kom til hennar sjúkrar í nokkur skifti, og mér fanst í raun og veru hér vera sál, sem með kærleika og hreinleika hefði sigrað sjúkdóm og þjáningar.

Hennar andlega líf var svo sterkt, að segja má, að þrátt fyrir veikindin væri hún alla jafna miklu fremur veitandi en þurfandi í samböndum sínum við aðra.

Í litlu bókinni hennar koma fram öll hennar aðal-einkenni:

Styrkur hennar, hreinleiki, löngun til að hjálpa og elska hennar á fegurðinni.

Alt er þetta blandað dulskynjunum, sem voru sá gimsteinn, sem henni hafði verið gefinn, og bættu henni sjálfsagt upp líkamlega veiklun.

Ekki er hægt að efast um, að Dúna segir satt og rétt frá, eftir því sem hlutirnir komu henni fyrir sjónir, og þar sem í nokkrum tilfellum er um að ræða forspár, henni er sagt eða hún sér það, sem ekki er komið fram, þá er líka um sannanir að ræða.

Þessar sannanir gefa leyfi til þess að leggja líka trúnað á þann hluta þess, sem fyrir hana bar, sem ekki verður sannaður.

Við þetta bætist svo, að eins og Dúna sjálf, er þessi litla bók ilmandi blóm, borið fram af titrandi kærleikshönd-um og lagt á altari lífsins.

Það ættu allir að verða betri menn og kærleiksríkari við að lesa þær frásagnir, sem bókin geymir.

Í des. 1944. Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Grein birt í Morgunblaðinu 20. desember 1944.

Jakob Jóhannesson Smári:
Um bókina: “Dul og draumar”

Bók þessi lætur lítið yfir sér. Hún hefir ekki hátt. Hún er einföld og látlaus.

Þar eru frásagnir um andlega og dulræna reynslu elskulegrar ungrar stúlku, sem barðist í mörg ár við hvíta dauðann og hné í valinn fyrir honum að lokum.

Frásögn hennar ber á sér öll merki sannleikans, þó að sumt í reynslu hennar sé líkast táknmáli ókunnrar ver-aldar og hljómi ef til vill undarlega í vorum jarðnesku eyrum.

En mér hefir stundum fundist, að reynsla vor annars heims kunni að vera að einhverju leyti lík tónlist.

Eins og tónlistin lýsir engu nema sjálfri sér, en gera má áhrif hennar á oss skiljanleg ósöngnæmum mönnum með því að segja, að þau líkist t. d. morgunbjarma eða björtum barnsaugum, þá má ímynda sér, að sama annars heims reynsla geti ef til vill verið túlkuð hér í heimi á ólíkan hátt.

En ef til vill er annar heimur líkari þessum, en nokk-urn okkar órar fyrir.

Grétar Fells hefir skrifað hlýleg og falleg formálsorð fyrir bók þessari og búið hana undir prentun.

Þess má geta, að foreldrar Guðrúnar voru Böðvar prestur Bjarnason á Rafnseyri og kona hans Ragnhildur Teitsdóttir. Guðrún andaðist árið 1936.

Þeir, sem unna dulrænum fræðum, munu áreiðanlega hafa mikla ánægju af þessari bók, því að hún er skemtileg aflestrar, enda er jafnan óhætt að mæla með hverri þeirri bók, sem Grétar Fells leggur hendur að.

Jakob Jóh. Smári.

Grein birt í Morgunblaðinu 18. mars 1944.

Vilhjálmur frá Skáholti:

Guðrún Bøðvarsdóttir

In Memoriam.

Afhvítum liljum ilmur

um mig fer

og angan berst frá rós

að vitum mínum.

– Það minnir mig á myndina

af þér.

Ég sé þig ganga seytján ára

um vor

og syngja dauðans vögguljóð

í tárur,

– í djúpi því, sem dylur

farin spor.

Þú varst svo ung, og æskan

þráir líf,

ilminn sem að berst frá sumum

hjörtum.

– Ástina, sem öllu er sól og hlíf.

— — —

Og sorg þín hvarf svo djúpt

í djúpin blá. —

Því vonin sú, er verndar

blómin smá,

vakti þig einn morgun

fyrir löngu.

Þú áttir sjálf þann ilm,
sem allir þrá.

Þú hræddist ekki dauðans
dimmu köll.

Ég man þig barn, sem ekkert
áttir ljótt.

Svo hvarfstu á burt einn dag,
sem húmið hljótt.

– sama veg og sólskins-blómin
öll.

Og þannig fer um alt,
sem á sér vor,
um alla vegu ríkir sami dómur,
– það segja lífsins löngu
grónu spor.

Og kveðja mín hún verður:
Þökk sé þér.

Afhvítum liljum ilmur um
mig fer
og angan berst frá rós
að vitum mínum.
– Í slíkum blómum mynd
þín meitluð er.

Vilhjálmur frá Skáholti.

Kvæði birt í Morgunblaðinu 25. september 1936.

Golgata

Einhver þekktasti og áhrifamesti sálmur okkar Íslendinga er „Ég kveiki á kertum mínum“ eftir Davíð Stefánsson. Sigurður Ægisson fann sögu hans á vef ellimálanefndar Þjóðkirkjunnar, skráða af Guðrúnu Jörgensdóttur.

Í bókinni um „Skáldið frá Fagraskógi“ útgefinni 1965, má lesa um þann sérstæða atburð sem lá að baki sálmsins. Það er sr. Pétur Sigurgeirsson biskup, sem þá var sóknarprestur á Akureyri, sem fær skáldið til þess að leysa frá skjóðunni. Hann er í heimsókn hjá skáldinu og varpar fram spurningunni um tilurð sálmsins. Og Davíð segir honum að aðeins einn maður hafi áður spurt sig og það hafi verið Ásgeir Ásgeirsson forseti. Látum nú skáldið tala:

„Ég var þá í Noregi.“ Hann talar hægt og virðulega með áhersluþunga. „Það var á litlu hóteli skammt frá Ósló. Þetta var um páskaleytið. Á föstudaginn langa vorum við, gestir hótelsins, stödd við dögurð að venju. Meðal gestanna var móðir með barn, litla telpu, svo bæklaða, að hún gat ekki gengið. Við matborðið veitti ég því eftirtekt að telpan þrabað móður sína að fara með sér til kirkju. Mér fannst móðirin ekki gefa barninu þann gaum sem það átti skilið og var í þörf fyrir. Ég fann til með telpunni, kenndi í brjósti um hana. Ég gaf mig á tal við konuna og bauðst til að fara með barnið. Hjálp mín var vel þegin. Ég tók telpuna í fang mér og bar hana til kirkjunnar. Guðsþjónustan var látlaus og hátíðleg. Þegar við komum aftur heim á hótelið dró ég mig í hlé – og sálmurinn „Ég kveiki á kertum mínum“ varð til.

Sr. Pétur var frá sér numinn af frásögninni. En skáldið heldur áfram:

„Þeir hafa tekið nokkur erindi inn í sálmabókina. Það var of mikið að taka þau öll. Og mér líkar vel hvernig þeir hafa valið.“

Erindin eru 8 í ritsafni Davíðs Stefánssonar, Að norðan, og bera yfirskriftina: „Á föstudaginn langa.“ Það eru erindin nr. 3, 4, og 5, sem hefur verið sleppt. Þau hljóða svo:

Ég bíð uns birtir yfir
og bjarminn roðar tind.
Hvert barn, hvert ljóð sem lifir,
skal lúta krossins mynd.
Hann var og verður kysstur.

Hann vermir kalda sál.
Þitt líf og kvalir, Kristur
er krossins þögla mál.

Þú ert hinn góði gestur
og guð á meðal vor, –
og sá er bróðir bestur,
sem blessar öll þín spor
og hvorki silfri safnar
né sverð í höndum ber,
en öllu illu hafnar
og aðeins fylgir þér.

Þú einn vilt alla styðja
og öllum sýna tryggð.
Þú einn vilt alla biðja
og öllum kenna dyggð.
Þú einn vilt alla hvíla
og öllum veita lið.
Þú einn vilt öllum skýla
og öllum gefa frið.

Tónskáldum okkar hafa þótt kvæði Davíðs ljóðræn og vel fallin til söngs. Þrjú íslensk tónskáld hafa samið lög við sálminn sem hér er fjallað um: 1) Sigvaldi Kaldalóns, og er það lag í gömlu kirkjusöngsbókinni, 2) Páll Ísólfsson og 3) Guðrún Böðvarsdóttir. Lög Páls og Guðrúnar eru í Viðbæti við kirkjusöngsbókina frá því um 1970. Sálmurinn er

kominn í sálmabókina frá 1954 og er þar nr. 174. Í sálmabókinni frá 1972 og þeirri nýju frá 1997 er hann nr. 143.

Merkileg saga er að baki lags Guðrúnar, og fer hún hér á eftir:

Guðrún Böðvarsdóttir (Dúna Böðvars) var dóttir séra Böðvars Bjarnasonar, prests á Hrafnseyri við Arnarfjörð, og fyrri konu hans, Ragnhildar Teitsdóttur frá Ísafirði. Þegar foreldrar hennar skildu flutti Guðrún með móður sinni til Reykjavíkur. Tvo bræður átti hún, þá Ágúst og Bjarna. Allt var þetta mikið tónlistarfólk og er Bjarni þeirra þekktastur (Bjarni Bö). Þær mæðgur voru mjög samrýndar. Guðrún veiktist af berklum og milli þess sem hún var á Vífilstöðum dvaldi hún heima hjá móður sinni og dó þar rúmlega þrítug að aldri.

Nokkru eftir dauða hennar dreymir móður hennar að Guðrún (Dúna) kemur til hennar og segir: „Mamma, ég var að semja lag.“ Svo syngur hún lagið fyrir mömmu sína. Er konan vaknaði dreif hún sig að píanóinu. Hún spilaði laglínuna nokkrum sinnum til þess að festa sér hana í minni. Að því búnu náði hún í nótnapappír og skrifaði lagið niður. Þetta er hið vinsæla lag: „Ég kveiki á kertum mínum.“

Frásögn þessa heyrði ég fyrir um 60 árum af vörum mágkonu minnar, Bryndísar Böðvarsdóttur, en hún var hálsystir Guðrúnar Böðvarsdóttur.

Grein birt í Morgunblaðinu 5. apríl 2007.